# Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

2019



**Stjórnarráð Íslands**
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið



Stjórnarráð Íslands
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7 – 101 Reykjavík
Sími: 545 8200 | srn@srn.is

Júní 2020 | ISBN: 978-9935-494-08-5

Ábyrgðarmaður: Ragnhildur Hjaltadóttir
Umsjón: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Umbrot: Einar Guðmundsson

© 2020 – Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

stjornarradid.is

# Efnisyfirlit

**Ávörp**

- Sigurður Ingi Jóhannsson 4
- Ragnhildur Hjaltadóttir 5

**Ráðuneytið**

- Stefnupíramídi 6
- Skipulag og verkefni 7

**Stefnumál ráðherra 8**

**Staða stefnumála 10**

**Fundir og ráðstefnur 16**

**Stofnanir 19**

**Starfsemi 22**

- Virk stefnumótun 23
- Mannauður 24
- Fjármál og rekstur 25
- Samráðsgátt 26
- Þingmál og nefndir 27
- Stjórnsýsluúrskurðir 28
- Samskipti 29
- Fréttaannáll 30

**Ársskýrsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra 34**

**Stjórnmálaefni ráðuneytisins 35**

**Útgjöld málefnasviða og málaflokka 36**

**Árangur og ávinningur af ráðstöfum fjármuna 39**

- 06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál 40
- 08.10 Framlög til sveitarfélaga 43
- 08.20 Byggðamál 44
- 11.10 Samgöngur 50
- 11.20 Fjarskipti, netöryggi og póstmál 57

**Yfirlit um ráðstöfun varasjóða, millifærslur og skuldbindandi styrk- og samstarfssamninga 62**

**Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila 64**



**Sigurður Ingi Jóhannsson**
samgöngu-
og sveitarstjórnarráðherra

# Grunnur lagður að árangri framtíðarinnar

Eftir síðustu kosningar varð meðal annars sú breyting á Stjórnarráðinu að byggðamálin voru færð undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. Þetta var mikilvæg breyting enda má segja að þær stóru áætlanir sem falla undir ráðuneytið, samgönguáætlun og fjarskiptaáætlun, séu í eðli sínu og framkvæmd voldugar og áhrifamiklar byggðaáætlanir. Í þeim fjórum meginátlunum sem eru á sviði ráðuneytisins eru þær tvær fyrrnefndu, samgöngu- og fjarskiptaáætlun, byggðaáætlun og sveitarstjórnaráætlun birtist vilji ríkisvaldsins til að skapa öflugt og gott samfélag um allt land. Þessar áætlanir eru lífæð mannlífsins: samgönguáætlun leggur grunninn að því að flytja fólk og varning milli staða með vegum, flugi og ferjum; fjarskiptaáætlun tengir fólk og fyrirtæki með ljósleiðurum og bylgjum; byggðaáætlun styður við uppbygginguna um allt land og sveitarstjórnaráætlun varðar veginn í þessu mikilvæga stjórnsýslustigi sem heldur utan um nærumhverfi okkar allra.

Ég hef lagt á það áherslu í störfum mínum og ráðuneytisins að nýta þessar áætlanir til að styðja við og styrkja byggðir um allt land. Samgönguáætlun sem unnið var að allt árið og lögð fyrir þingið í desember markar að mörgu leyti tímamót í stefnumótun á sviði samgangna. Ekki var aðeins aukið verulega í fjármagn heldur var hugmyndafræðin skýrari og tók til allra samgangna, hvort heldur var í lofti, sjó eða á landi. Ný flugstefna, sú fyrsta sem gerð hefur verið á Íslandi, er hluti af samgönguáætlun og leit dagsins ljós á árinu þegar hundrað ára sögu flugs á Íslandi var fagnað. Hluti af áætluninni var það sem í daglegu tali er nefndur skoska leiðin og felur í sér niðurgreiðslu á flugi fyrir íbúa landsbyggðanna. Flugið er einnig skilgreint sem almenningssamgöngur, ásamt ferjum og hefðbundnum almenningssamgöngum á landi. Áherslan er ekki lengur á einhæfa umferð um vegi heldur er hún á fjölbreytta ferðamáta í takti við loftlagsmarkmið ríkisstjórnarinnar.

Ljósleiðaravæðing landsins, Ísland ljóstengt, er grundvöllur þess að fólk geti starfað um allt land og ómetanlegt framfaraskref nú við upphaf fjórðu iðnbyltingarinnar. Á því sviði eru Íslendingar í fremstu röð og mikilvægt að halda áfram þeirri vinnu. Stefnumótun í sveitarstjórnarmálum var lögð fyrir þingið í formi þingsályktunartillögu á haustmánuðum eftir umfangsmikla vinnu með sveitarstjórnarstiginu. Það er ljóst að ört vaxandi meirihluti gerir sér grein fyrir mikilvægi þess að styrkja sveitarstjórnarstigið til að það geti betur mætt vaxandi kröfum íbúa um allt land.

2019 var árið sem grunnurinn var lagður að stórum framfaramálum. Á þeirri vinnu byggir árangur framtíðarinnar.

# Virk stefnumótun er forsenda framfara

Þegar litið er yfir farinn veg sannast hversu mikilvægt er að hafa sameiginlega framtíðarsýn og skýra stefnu. Stefnumótun í ráðuneytinu byggir á langri hefð og rík áhersla er lögð á að samhæfa áætlanir í málaflokkum ráðuneytisins til að ná sem bestum árangri til lengri tíma.

Um málaflokka ráðuneytisins eru gildar vandaðar áætlanir sem leggja grunn að innviðum samfélagsins. Þetta eru byggðaáætlun, samgönguáætlun, stefna í fjarskiptum og stefna í sveitarstjórnarmálum. Sú síðastnefnda er nýjust af nálinni og var unnin á síðasta ári eftir vandaðan undirbúning og gott samráðsferli.

Verkefni okkar nú er að undirbúa enn frekari samhæfingu þessara áætlana samfélaginu til heilla. Málaflokkarnir eru samofnir á margan hátt og því hefur starfsemi á einu sviði áhrif á hin. Fátt hefur til að mynda meiri áhrif á þróun byggðar og samgöngur; ljósleiðaravæðingin er stærsta byggðamálið og samgöngubætur hafa áhrif á sameiningu sveitarfélaga. Við samhæfingu af þessu tagi þarf einnig að gæta að samspili við aðrar áætlanir í Stjórnarráðinu, svo sem aðgerðaáætlun um loftslagsmál, heilbrigðisstefnu og landsskipulagsstefnu.

Ávinningur af samhæfingu áætlana er margþættur og felur til að mynda í sér möguleika á betri nýtingu fjármuna, aukið gagnsæi og samvinnu málaflokka um sambærilegar eða sameiginlegar áherslur og aðgerðir.

Á síðasta starfsári náðust margir eftirtektarverðir áfangar á málasviði ráðuneytisins á grunni stjórnarsáttmála og stefnumála ráðherra. Í síðasta ársriti voru kynnt 25 stefnumál sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra setti í forgang á kjörtímabilinu. Í þessu ársriti greinum við frá stöðu þeirra og helstu áföngum. Ný löggjöf hefur verið sett á ýmsum sviðum, nýjar stefnur kynntar, unnið að umbótum og nýsköpun og að fjármögnun og framkvæmd mikilvægra innviða.

Þjóðin hefur tekist á við einstaklega krefjandi verkefni í vetur – veðurofsa, snjóflóð og veirufaraldur með tilheyrandi áhrifum á samfélag og efnahag. Ráðherra og allt starfsfólk ráðuneytisins hefur tekið virkan þátt í viðbrögðum og viðbúnaði samfélagsins vegna alls þessa og það er áþreifanlegt og þakkarvert að upplifa samtakamátt þjóðarinnar þegar á reynir.

Hvort sem um ræðir óvænt áföll eða stefnumótun í mikilvægum málaflokkum til lengri tíma byggjum við alla vinnu okkar á skýrri framtíðarsýn ráðuneytisins og að vera traust, leiðandi og framsækið stjórnvald.



**Ragnhildur Hjaltadóttir**
ráðuneytisstjóri

# Stefnupíramídi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis




### Hlutverk

Traust, leiðandi og framsækið stjórnvald.

### Gildi

Framsýni – Árangur – Traust

### Framtíðarsýn

Ísland er í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tækni tengir byggðir og Ísland við umheiminn í jafnvægi við umhverfið.

### Meginmarkmið

- Þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins.
- Sjálfbærar byggðir og sveitarfélög um land allt.

### Markmið – Mælikvarðar – Aðgerðir

Stefnumið ráðherra, áætlanir ráðuneytisins og dagleg verkefni.

# Ráðuneytið

Verkefni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins ná til fjölmargra sviða þjóðfélagsins og varða meðal annars samgöngur, fjarskipti, grunnskrár, póstþjónustu, netöryggi og sveitarstjórnar- og byggðamál. Verkefni ráðuneytisins eru skilgreind í forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra er Sigurður Ingi Jóhannsson og hann er jafnframt samstarfsráðherra Norðurlanda. Ráðherra fer með yfirstjórn ráðuneytisins og ber ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum þess. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu í umboði ráðherra.

Skrifstofur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins eru fjórar; skrifstofa stafrænna samskipta, skrifstofa samgangna, skrifstofa stefnumótunar og fjárlaga og skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála.

Sex stofnanir og tvö opinber hlutafélög heyra undir fagsvið samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipar forstöðumenn stofnananna. Hlutabréf í opinberu hlutafélögunum eru á hinn bóginn í höndum fjármála- og efnahagsráðuneytis og skipar fjármála- og efnahagsráðherra stjórnir þeirra.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið er í nánu samstarfi við ýmsar alþjóðlegar stofnanir. Þar má nefna Norrænu ráðherranefndina, Evrópuráðið, stofnanir sem tengjast EES-samstarfinu, samgöngustofnanir, OECD og fleiri.

# Skipurit



# Stefnumál ráðherra

Ráðuneytið vinnur að fjölmörgum mikilvægum verkefnum hverju sinni. Ráðherra hefur sett 25 mál í forgang sem unnið er að á kjörtímabilinu í takt við stjórnarsáttmála og stefnur og áætlanir ráðuneytisins í málaflokkum þess.

# Stefnumál ráðherra

## Fjarskipti, grunnskrár og póstmál

1. Innleiðing 5G tækninnar í fjarskiptum
2. Samnýting innviða
3. Ísland ljóstengt
4. Stóreflt net- og upplýsingaöryggi
5. Öryggi fjarskiptasambanda við önnur lönd
6. Regluverk um landshöfuðlén Íslands
7. Afnám einkaréttar í póstþjónustu
8. Endurskoðun á regluverki um málefni Þjóðskrár Íslands

## Samgöngur

9. Hraða uppbyggingu í vegamálum og innviðum í samgöngum
10. Umferðaröryggi aukið
11. Uppbygging samgangna á höfuðborgarsvæðinu
12. Stefna í almenningssamgöngum
13. Breytingar á umhverfi leigubifreiða
14. Flugstefna mótuð
15. Orkuskipti í samgöngum
16. Einföldun og samræming regluverks um skip



## Umbótaverkefni

**A.** Áætlanir samhæfðar
**B.** Rafræn stjórnsýsla og nýsköpun
**C.** Aukin gæði eftirlits
**D.** Þjónustumiðaðri stjórnsýsla

## Byggðamál

17. Blómlegar byggðir
18. Opinber þjónusta kortlögð
19. Höfuðborgarstefna mótuð
20. Brothættar byggðir

## Sveitarstjórnarmál

21. Sveitarstjórnarstigið eflt á landsvísu
22. Skýrara hlutverk landshlutasamtaka
23. Endurskoðun reglna um fjármál sveitarstjórna
24. Stuðningur vegna sameiningar sveitarfélaga
25. Stefna og aðgerðaáætlun um sveitarstjórnarmál

# Staða stefnumála

Margir stórir áfangar náðust á árinu af stefnuskrá ráðherra í öllum helstu málaflokkum ráðuneytisins. Þar á meðal má nefna heildarendurskoðun laga, stefnumótun og fjármögnun samfélagslegra mikilvægra verkefna.

# Staða stefnumála

## FJARSKIPTI

### Ný stefna í fjarskiptum og heildarlöggjöf í smíðum 1

Ný stefna í fjarskiptum fyrir tímabilið 2019-2033 og fjarskiptaáætlun fyrir 2019-2023 var samþykkt á Alþingi í júní. Markmið nýrrar stefnu er margþætt: Að efla samstarf allra aðila um stefnumótun í fjarskiptum, að styrkja samkeppni á fjarskiptamarkaði, að tryggja öryggi almennra fjarskiptaneta og tengingar Íslands við umheiminn, að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og hámarka jákvæð áhrif og loks að samræma forgangsröðun um hagsmuni landsins alls.

Mótun nýrrar heildarlöggjafar um fjarskiptamál er langt komin eftir mikinn undirbúning og víðtækt samráð árið 2019, en stefnt er að gildistöku í byrjun árs 2021.

> Stefna í fjarskiptum 2019-2033
> Fjarskiptaáætlun 2019-2023

### Hagkvæm uppbygging háhraðafjarskiptaneta 2

Mikilvægt skref var stigið við að efla uppbyggingu háhraðafjarskiptaneta með nýjum lögum sem stuðla að samnýtingu jarðvegsframkvæmda við lagningu ljósleiðara eða annarra innviða í þágu samfélagsins. Með lagasetningunni verður auðveldara að taka í notkun nýja tækni með lægri tilkostnaði. Lögin voru samþykkt í október og tóku gildi um áramótin.

> Lög um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraðafjarskiptanet

### Unnið af krafti við ljósleiðaravæðingu í dreifbýli 3

Ljósleiðaravæðing í dreifbýli hefur gengið mjög vel á síðustu árum með verkefninu Ísland ljóstengt, sem fjarskiptasjóður hefur umsjón með. Með styrkjum til sveitarfélaga hefur verið unnið að því sleitulaust frá árinu 2016 að tengja ljósleiðara við lögheimili og fyrirtæki í dreifbýli um land allt. Árið 2019 voru gerðir samningar við 23 sveitarfélög um að tengja 1698 staði. Þessir samningar ná til áranna 2019-2021. Árið 2019 var nærri 450 milljónum kr. varið til að styrkja sveitarfélög til þess að tengja um 560 staði.

Stefnt er að því að stjórnvöld geri síðustu samninga við sveitarfélög á grundvelli Ísland ljóstengt í byrjun árs 2021 með það að markmiði að framkvæmdum þeirra ljúki 2021.

### Net- og upplýsingaöryggi eflt með nýrri löggjöf 4

Umgjörð um net- og upplýsingaöryggi var efld á árinu með samþykkt nýrra laga í júní en þau taka gildi í september 2020. Meginmarkmið laganna er að auka öryggi net- og upplýsingakerfa og bæta viðbrögð við öryggisatvikum. Lögin byggjast á því að öryggi mikilvægra innviða og kerfislega mikilvægra fyrirtækja sé grundvöllur efnahags- og samfélagslegrar starfsemi. Starf netöryggisráðs sem samstarfsvettvangs stjórnvalda um net- og upplýsingaöryggi var einnig eflt með lögunum.

> Lög um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða

### Undirbúningur hafinn fyrir botnrannsóknir fyrir fjarskiptasæstreng til Evrópu 5

Ráðuneytið hefur samið við Farice ehf. um undirbúning og framkvæmd botnrannsókna sem eru nauðsynlegur þáttur í undirbúningi lagningar á nýjum fjarskiptasæstreng milli Íslands og Evrópu.

### Frumvarp um íslensk landshöfuðlén lagt fram 6

Lagafrumvarp um umgjörð og umsýslu á íslenskum landshöfuðlénum var mótað á árinu eftir samráð við almenning og hagsmunaaðila. Engin löggjöf hefur verið til um landshöfuðlén eða önnur lén með beina skírskotun til Íslands fram að þessu. Drög að lagafrumvarpi voru kynnt í samráðsgátt í ágúst 2019 og stefnt er að þinglegri meðferð árið 2020.

Markmið laganna er að stuðla að öruggum, hagkvæmum og skilvirkum aðgangi að íslenskum landshöfuðlénum og styrkja tengsl þeirra við Ísland með því að kveða á um örugga, gagnsæja og skilvirka umsýslu þeirra.

> Frumvarp til laga um íslensk landshöfuðlén





STAÐA STEFNUMÁLA

### Einkaréttur afnuminn í póstþjónustu (7)

Tímamót urðu á árinu þegar ný lög um póstþjónustu voru samþykkt á Alþingi í júní og tóku þau gildi um áramót. Þau fela í sér afnám einkaréttar á póstþjónustu og að tryggja skuli aðgang að alþjónustu, skilgreindri lágmarksþjónustu óháð staðsetningu, á viðráðanlegu verði. Um er að ræða heildarendurskoðun á lögum um póstþjónustu frá árinu 2002.

> Lög um póstþjónustu

### Ný heildarlög um skráningu einstaklinga (8)

Önnur tímamót urðu þegar endurskoðun á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu frá 1962 lauk á árinu. Ný heildarlög um skráningu einstaklinga voru samþykkt í desember og tóku gildi um áramót.

Markmið laganna er að gera mögulegt að halda áreiðanlega skrá yfir einstaklinga, að skráning þeirra sé rétt og skapi öruggan grundvöll fyrir tiltekin réttindi og tilteknar skyldur einstaklinga. Lögin kveða á um að skráning upplýsinga í þjóðskrá byggist á bestu fáanlegu gögnum á hverjum tíma. Megininntak laganna er hvaða upplýsingar skuli skrá í þjóðskrá, hvernig þær eru skráðar og hvernig þeim er miðlað.

> Lög um skráningu einstaklinga

## SAMGÖNGUR

### Stóraukið fjármagn í vegagerð í nýrri samgönguáætlun (9)

Stóraukið fjármagn var sett í vegaframkvæmdir, hafnir og flugvelli í endurskoðaðri samgönguáætlun fyrir tímabilið 2020-2034 sem var lögð fram á Alþingi í lok nóvember. Þar er boðað að framlög til vegagerðar á fjárlögum hækki um 4 milljarða á ári frá því sem áður var á fyrsta tímabili áætlunarinnar 2020-2024. Fjölmörgum framkvæmdum er flýtt á tímabili áætlunarinnar með áherslu á að bæta umferðaröryggi og tengingar milli byggða.

Endurskoðuð samgönguáætlun var lögð fram í lok nóvember 2019 og er í meðferð umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

> Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2020-2034
> Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2020-2024

### Ný umferðarlög tryggi aukið umferðaröryggi (10)

Það voru mikil þáttaskil þegar ný umferðarlög voru samþykkt á Alþingi í júní en þau tóku gildi um áramótin. Lögin eru afrakstur margra ára undirbúnings og heildarendurskoðunar á löggjöfinni í víðtæku samráði við almenning og hagsmunaaðila. Nýju umferðarlögin fela í sér mörg veigamikil nýmæli og breytingar á fyrri löggjöf. Ávinningur fyrir samfélagið er mikill og margvíslegar umbætur gerðar sem stuðla að bættu umferðaröryggi í landinu.

Meginmarkmið laganna er að vernda líf og heilsu vegfarenda með auknu umferðaröryggi þar sem jafnræðis er gætt milli ferðamáta.

Meðal nýmæla í lögunum eru hert ákvæði um ölvunarakstur, bann við akstri gegn rauðu ljósi og að hefðarreglur um akstur í hringtorgum eru lögfestar. Ýmis ný ákvæði eru um hjólreiðar og hjálmaskylda barna er fest í lög. Loks er hugtakið snjalltæki skilgreint og notkun allra snjalltækja og farsíma við stýri bönnuð. Þá eru áform um stóraukið fé til vegagerðar og þjónustu í vegakerfinu veigamikil umferðaröryggisaðgerð.

> Umferðarlög 77/2019

### Samgöngusáttmáli markar tímamót (11)

Ríkið og sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu undirrituðu í lok september tímamótasamkomulag um metnaðarfulla uppbyggingu á samgönguinnviðum og almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu til fimmtán ára. Samkomulagið felur í sér sameiginlega framtíðarsýn og heildarhugsun fyrir skipulagssvæðið sem hafði ekki verið raunhæfur möguleiki um áratugaskeið.

Markmiðið er að auka öryggi, bæta samgöngur fyrir alla ferðamáta og minnka tafir, stórefla almenningssamgöngur og draga úr mengun af völdum svifryks og losun gróðurhúsalofttegunda til að standa við loftslagsmarkmið stjórnvalda og sveitarfélaga.



Heildarfjármögnun samkomulagsins er 120 milljarðar kr. Ríkið mun á samningstímanum leggja fram 45 milljarða kr., sveitarfélögin 15 milljarða kr. en gert er ráð fyrir að sérstök fjármögnun, sem tryggð verður við endurskoðun gjalda af ökutækjum og umferð í tengslum við orkuskipti eða með beinum framlögum við sölu á eignum ríkisins, standi straum af 60 milljörðum kr.

Á tímabilinu verða 52,2 milljarðar lagðir í stofnvegi, 49,6 milljarðar í innviði Borgarlínu og almenningssamgöngur, 8,2 milljarðar í göngu- og hjólastíga, göngubrýr og undirgöng og 7,2 milljarðar í bætta umferðarstýringu og sértækar öryggisaðgerðir. Þá verður ráðist í að innleiða stafræna umferðarstýringu á höfuðborgarsvæðinu.

> Nánar um samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins

## Heildarstefna um almenningssamgöngur milli byggða 12

Fyrsta heildarstefna sinnar tegundar um almenningssamgöngur milli byggða var kynnt á árinu. Hún var lögð fram á Alþingi sem hluti af endurskoðaðri samgönguáætlun. Þar er lagt til að almenningssamgöngur með flugi, ferjum og almenningsvögnum myndi eina sterka heild og boðið verði upp á eitt leiðarkerfi fyrir allt landið með bættu aðgengi. Öflugt samhæft kerfi sem er raunhæfur kostur fyrir alla, óháð efnahag, er mikilvægt framlag til aðstöðujöfnunar íbúa á landsbyggðinni.

> Nánar um heildarstefnu

## Veigamiklar breytingar á löggjöf um leigubifreiðar 13

Mörg nýmæli og breytingar voru kynntar í frumvarpi til laga um leigubifreiðaakstur sem lagt var fram á Alþingi í desember. Um er að ræða heildarendurskoðun á eldri lögum sem sett voru árið 2001.

Markmið laganna er að tryggja gott aðgengi að hagkvæmri, skilvirkri og öruggri leigubifreiðaþjónustu fyrir neytendur á Íslandi. Meginbreytingarnar felast í að fjöldatakmarkanir atvinnuleyfa og skylda að hafa afgreiðslu á leigubifreiðastöð verði afnumdar. Þá eru skilyrði til að starfa sem leigubifreiðastjóri gerð skýrari og sömuleiðis skilyrði til að fá starfsleyfi fyrir leigubifreiðastöð. Verði lögin samþykkt yrðu einnig stigin skref sem gera farveitum kleift að hefja starfsemi, en þær þurfa að framfylgja sömu skilyrðum og stöðvar og bílstjórar hjá farveitum sömuleiðis að uppfylla öll skilyrði.

> Frumvarp til laga um leigubifreiðaakstur

## Fyrsta flugstefnan mótuð 14

Fyrsta flugstefnan var kynnt á árinu samhliða endurskoðaðri samgönguáætlun. Tilgangur með mótun flugstefnu er að skapa umhverfi sem viðheldur grunni fyrir flugrekstur og flugtengda starfsemi á Íslandi og styður vöxt hennar.

Í flugstefnunni er sérstaklega kveðið á um að íbúum á landsbyggðinni verði auðveldaður aðgangur að miðlægri þjónustu á höfuðborgarsvæðinu í innanlandsflugi með hagkvæmari hætti. Tillögur um þetta, sem nefnd er skoska leiðin, felur í sér greiðsluþátttöku stjórnvalda til þeirra íbúa á landsbyggðinni sem koma langt að og þurfa að fara fljúgandi. Stefnt er að því að greiðsluþátttaka stjórnvalda hefjist í september 2020.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra gerði ennfremur samkomulag við Reykjavíkurborg um að hefja samstarf um rannsóknir á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni. Markmiðið er að fullkanna kosti á því að reisa og reka þar flugvöll til að gegna hlutverki varaflugvallar, innanlandsflugvallar og flugvallar fyrir æfinga-, kennslu- og einkaflug.

> Nánar um flugstefnu

## Orkuskipti í samgöngum 15

Orkuskipti í samgöngum er megináhersla í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum 2018-2030 sem hefur það markmið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu. Áætlað er að verja 1,5 milljarði króna á fimm árum til uppbyggingar innviða fyrir rafbíla, rafvæðingu hafna og fleiri nauðsynlegra aðgerða í orkuskiptum hér á landi.



STAÐA STEFNUMÁLA

Mikil tímamót urðu einnig þegar nýr Herjólfur hóf siglingar á síðasta ári en hann mun geta gengið fyrir umhverfisvænni orku. Meðal verkefna sem þrjú ráðuneyti kynntu sameiginlega í júní var að raðhleðslustöðvum við þjóðveginn verði fjölgað verulega og blásið til átaks með ferðaþjónustunni til að stuðla að orkuskiptum hjá bílaleigum.

## Ný heildarlög um skip í smíðum

16

Ný heildarlöggjöf um skip er í undirbúningi, en henni er ætlað að einfalda lagaumhverfi á þessu sviði. Markmið laganna er að tryggja öryggi íslenskra skipa, áhafna þeirra og farþega, efla varnir gegn mengun frá skipum og tryggja skilvirka skráningu, merkingu, mælingu og eftirlit með skipum. Stefnt er að því að frumvarpið verði lagt fram á haustþingi 2020.

# BYGGÐAMÁL

## Rækt lögð við fjölmörg byggðamál

17

Á árinu var unnið að því af krafti að efla byggðir landsins með fjölbreyttum aðgerðum á grundvelli byggðaáætlunar 2018-2024. Markmið byggðaáætlunar að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt. Unnið er að 54 aðgerðum til að ná þessum markmiðum.

Samtals var ríflega tveimur milljörðum kr. varið til byggðamála árið 2019, þar nam framlag úr byggðaáætlun 554 milljónir kr. Styrkir voru veittir úr þremur samkeppnissjóðum á árinu á grundvelli aðgerða í byggðaáætlun. 15 milljónir kr. runnu í styrki til verslunar í strjálbýli (aðgerð A9), 30 milljónir kr. voru settar í verkefnastyrki til fjarvinnslustöðva á landsbyggðinni (B8) og þá runnu 100 milljónir kr. til 9 sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða (C1). Meðal annarra aðgerða má nefna 85 milljónir kr. stuðning við verkefnið Ísland ljóstengt, 109 milljónir kr. stuðning við verkefnið Brothættar byggðir, 20 milljónir kr. í innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu og 15 milljónir kr. í kynningu og innleiðingu áfangastaðaáætlana.

Í lok árs runnu úr gildi fimm ára samningar um sóknaráætlanir landshluta. Nýir sóknaráætlanasamningar við öll átta landshlutasamtök sveitarfélaga voru undirritaðir í nóvember og gilda fyrir árin 2020-2024. Framlag af byggðalið árið 2019 til sóknaráætlana var 502,5 milljónir kr. Sóknaráætlanir eru öflugt tæki sem heimamenn í hverjum landshluta geta beitt til að efla blómlegar byggðir um land allt. Hugmyndafræði sóknaráætlana gengur út á að ná fram betri nýtingu fjármuna og færa ákvarðanatöku nær heimamönnum sem þekkja best til aðstæðna.

## Nýtt stafrænt þjónustukort tekið í notkun

18

Nýtt stafrænt þjónustukort var kynnt á blaðamannafundi í júní en kortið sýnir almenna þjónustu hins opinbera og einkaaðila um land allt með myndrænum hætti. Á árinu tókst að skrá 95% þjónustuþátta ríkis en gagnaöflun frá sveitarfélögum mun teygja sig yfir á árið 2020.

Markmiðið með kortinu er að auka og bæta aðgengi almennings að upplýsingum um þjónustu víðsvegar um landið og auka tækifæri til nýsköpunar og frekari stefnumótunar á sviði byggðamála. Byggðastofnun hefur umsjón með þjónustukortinu sem er í stöðugri þróun og uppfærslu. Verkefnið er ein af aðgerðum byggðaáætlunar fyrir árin 2018 til 2024.

> Þjónustukort Byggðastofnunar

## Brothættar byggðir

20

Átta byggðarlög voru hluti af verkefninu Brothættar byggðir árið 2019: Grímsey og Öxarfjörður, Bakkafjörður, Árneshreppur, Borgarfjörður eystri, Þingeyri, Hrísey og byggðin við Bakkaflóa. Í lok árs 2019 var Strandabyggð bætt í hópinn en verkefninu í Hrísey lauk í lok ársins. Á árinu 2019 voru veittir 68 styrkir til frumkvæðisverkefna til byggðarlaganna samtals að fjárhæð 59 m.kr. Byggðastofnun sér um verkefnið sem er hluti af byggðaáætlun stjórnvalda.

## SVEITARSTJÓRNARMÁL

### Fyrsta stefna sinnar tegundar um málefni sveitarfélaga

21 25

Fyrsta heildarstefna ríkisins sem gerð hefur verið um málefni sveitarfélaga var samþykkt á Alþingi í janúar 2020. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra lagði fram þingsályktunartillögu um stefnuna í september eftir mikinn undirbúning, samráð og samvinnu við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila á síðasta ári.

Markmið stefnunnar eru: Að sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi og að sjálfsstjórn og ábyrgð sveitarfélaga verði virt og að tryggð verði sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu. Í aðgerðahluta stefnunnar eru settar fram ellefu aðgerðir sem eiga það allar sameiginlegt að styrkja umgjörð og grundvöll sveitarstjórnarstigsins.

> Þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga

### Tekjustofnakerfi verði endurskoðað

23

Í nýrri stefnu og aðgerðaáætlun um málefni sveitarfélaga kemur fram að greinargerð verði unnin um núverandi tekjustofnakerfi til að meta hvaða tekjustofnar gætu færst á milli ríkis og sveitarfélaga og nýir tekjustofnar sveitarfélaga kannaðir. Þar er einnig lagt til að gistináttagjald verði flutt til sveitarstjórna á kjörtímabilinu í tengslum við viðræður ríkis og sveitarfélaga um endurskoðun tekjustofna.

Í desember voru einnig gerðar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, m.a. til að efla sveitarstjórnarstigið og rýmka heimildir sjóðsins á sérstökum framlögum vegna sameiningar sveitarfélaga.

> Þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga

> Lög um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga

### Reglum breytt til að auka stuðning við sameiningar

24

Gerð er tillaga um lágmarksfjölda íbúa í sveitarfélögum í nýrri stefnu og aðgerðaáætlun um málefni sveitarfélaga. Að lágmarksíbúafjöldinn verði 250 frá almennum sveitarstjórnarkosningum árið 2022 og 1.000 frá kosningum 2026. Samhliða er í aðgerðaáætlun kveðið á um að reglum verði breytt til að tryggja aukinn stuðning við sameiningar og heildarendurskoðun verði gerð á Jöfnunarsjóði fyrir árið 2022.

## NORRÆNT SAMSTARF

### Formannsár Íslands í Norrænu ráðherranefndinni

Sem samstarfsráðherra Norðurlanda stýrði Sigurður Ingi Jóhannsson í umboði forsætisráðherra fjölbreyttu og viðamiklu starfi á formannsári í Norrænu ráðherranefndinni árið 2019. Hæst bar á formennskuárinu að ný framtíðarsýn fyrir Norrænu ráðherranefndina var samþykkt undir stjórn Íslands. Sjálfbærni og loftslagsmál verða í forgrunni framtíðarsýnarinnar og þrjú forgangsmarkmið voru sett fyrir öll ráðherraráð og stofnanir Norrænu ráðherranefndarinnar á næstu fjórum árum. Það eru markmiðin um græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Forsætisráðherrar Norðurlanda samþykktu framtíðarsýnina á fundi sínum í Reykjavík í ágúst og með því náðist samstaða um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030.

Málefnastarfið var í senn fjölbreytt og árangursríkt. Formennskuverkefni Íslands lögðu áherslu á ungt fólk, sjálfbæra ferðaþjónustu í norðri og málefni hafsins og fengu góðan meðbyr á árinu. Fjölmargir viðburðir voru haldnir á árinu, jafnt ráðherrafundir, embættismannafundir, málþing, vinnustofur og ráðstefnur. Langflestir fundir voru haldnir á Íslandi og áætla má að um 3.500 manns hafi komið til landsins að taka þátt í viðburðum tengdum formennskuárinu.

> Samantekt um formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni



# Fundir og ráðstefnur

Ráðuneytið stóð fyrir ýmsum opnum fundum og ráðstefnum á árinu. Markmið þeirra var að vekja umræðu í samfélaginu um málaflokka ráðuneytisins. Stefna ráðuneytisins er að streyma frá opnum fundum og eru upptökur aðgengilegar á vef Stjórnarráðsins.

# Fundir og ráðstefnur

## Ferðumst saman

Almenningssamgöngur milli byggða landsins var viðfangsefni á opnum morgunverðarfundi 28. febrúar.

Á fundinum var kynnt ný stefna stjórnvalda um almenningssamgöngur milli byggða. Kjarni hennar felst í að almenningssamgöngur með flugi, ferjum og almenningsvögnum myndi eina sterka heild og að boðið verði upp á eitt leiðarkerfi fyrir allt landið. Markmiðið er auka hlutdeild almenningssamgangna í ferðum milli byggða á Íslandi og stuðla þannig að umhverfisvænni, öruggari og þjóðhagslega hagkvæmari umferð um allt land.

Einnig var fjallað sérstaklega um mikilvægi almenningssamgangna fyrir landsbyggðina og norsku upplýsingagáttina EnTur, þar sem notendur fá yfirsýn yfir allar almenningssamgöngur þar í landi og geta keypt einn miða með ólíkum ferðamátum.

> Upptökur af fundinum

## Víti til varnaðar

Nýtt og endurbætt slysakort Samgöngustofu var formlega opnað og kynnt á opnum morgunverðarfundi ráðuneytisins um umferðaröryggi 9. maí undir yfirskriftinni Víti til varnaðar.

Á slysakortinu eru upplýsingar um öll umferðarslys sem orðið hafa á Íslandi frá 2007 til ársloka 2018. Upplýsingar í þessum gagnagrunni eru þýðingarmiklar til að fækka slysum, efla forvarnir og forgangsraða framkvæmdum. Umferðaröryggisáætlun er einnig endurskoðuð árlega á grundvelli slysaskráninga.

Á fundinum var einnig fjallað um það hvernig Vegagerðin nýtir upplýsingar um umferðarslys til að forgangsraða framkvæmdum og fjallað var um umferðaröryggisáætlun Reykjavíkur.

> Upptökur af fundinum

## Nýr heimur fjarskipta

Staða og framtíð fjarskipta á Íslandi var rædd á opnum fundi Póst- og fjarskiptastofnunar og ráðuneytisins 30. ágúst. Helstu viðfangsefni fundarins voru nýtt evrópskt fjarskiptaregluverk og nýjar leiðir og áfangar í uppbyggingu á 5G-netum á Íslandi.

Erlendir sérfræðingar við eftirlitsstofnanir á fjarskiptamarkaði kynntu helstu nýmæli regluverksins og hlutverk eftirlitsaðila á fjarskiptamarkaði og þá var fjallað um undirbúning að innleiðingu í íslensk lög. Stjórnendur frá Póst- og fjarskiptastofnun greindu frá stöðu 5G-mála á Íslandi og kynntu væntanlegt samráð um tíðniúthlutanir ásamt því að fjalla um möguleika til samstarfs og samnýtingar á innviðum fjarskipta.

> Upptökur af fundinum

## Framtíð byggðaþróunar á Norðurlöndum

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, Byggðastofnun og Nordregio (rannsóknastofnun Norrænu ráðherranefndarinnar í skipulags- og byggðamálum) stóðu að alþjóðlegri ráðstefnu um tækifæri og áskoranir í byggðaþróun í Háskólanum á Akureyri 12. september.

Norrænir og alþjóðlegir sérfræðingar fluttu erindi um tækifæri og áskoranir í byggðaþróun til framtíðar en undirbúningur er hafinn að nýrri norrænni samstarfsáætlun um byggðaþróun og skipulagsmál fyrir árin 2021-2024. Í fyrirlestrum ráðstefnunnar var lögð áhersla á ólíka þætti byggðaþróunar, t.d. velferð, þéttbýlismyndun, dreifbýlisþróun, loftslagsmál, þróun á norðurslóðum og margt fleira.

> Upptökur frá ráðstefnunni



FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR



FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR

## Konur og siglingar

Alþjóðasiglingadagurinn 2019 var helgaður konum og af því tilefni stóðu ráðuneytið og siglingaráð fyrir ráðstefnu 26. september undir yfirskriftinni „Hvað er svona merkilegt við það?“

Á ráðstefnunni var fjallað um sögu íslenskra kvenna á sjó og erlendir og innlendir fyrirlesarar sögðu frá starfsvali sínu og reynslu af samvinnu og sambúð kynjanna í siglingum. Þá var leitað svara við því hvers vegna konur eru svo fáar til sjós og í siglingum og hvernig megi gera störf til sjávar eftirsóknarverð fyrir konur. Fyrirlestrarnir voru fjölbreyttir og undirstrikuðu fjölbreytta atvinnumöguleika sem eru í boði fyrir konur og karla á sjó.

**> Upptökur frá ráðstefnunni**

---

## Netógnir í nýjum heimi

Netöryggismál og netógnir í nýjum heimi voru viðfangsefni opinnar ráðstefnu ráðuneytisins í Veröld – húsi Vigdísar 3. október. Október er helgaður netöryggismálum í Evrópu og í fyrra tók ráðuneytið þátt í átakinu í fyrsta sinn. Markmiðið var að vekja athygli á málaflokknum og hvetja til þess að viðburðir á sviði netöryggismála yrðu haldnir í mánuðinum.

Á ráðstefnunni var ný lagaumgjörð um netöryggismál kynnt og fjallað um hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar í samhæfingu í netöryggismálum. Baráttan við netglæpi var umfjöllunarefni í fyrirlestri á vegum Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Upplýst var að einstaklingar og fyrirtæki yrðu árlega fyrir tugmilljarða króna tjóni en þó væri aðeins lítill hluti brota tilkynntur til lögreglu.

Einnig var fjallað um tækninýjungar, netöryggi ungs fólks og tæknilegt líf barna, upplýsingaöryggi hjá hinu opinbera og netöryggi í fjórðu iðnbyltingunni á ráðstefnunni.

**> Upptökur frá ráðstefnunni**

---

## Geta netárásir fellt fyrirtæki?

Hættan af netárásum á fyrirtæki og stofnanir var til umræðu á morgunfundi ráðuneytisins í samvinnu við Samtök atvinnulífsins 31. október. Það var samdóma álit fyrirlesara að vekja þurfi almenning, atvinnulíf og hið opinbera til vitundar um netógnir samtímans og að stórauka beri samstarf hins opinbera og atvinnulífs um forvarnir gegn netárásum og viðbrögð við þeim ef og þegar alvarleg mál koma upp.

Í fyrirlestri sínum miðlaði stjórnandi hjá Norsk Hydro reynslu fyrirtækisins af alvarlegri netárás, sem gerð var á fyrirtækið og lamaði stóran hluta starfsemi fyrirtækisins í langan tíma. Í öðrum fyrirlestri var fjallað um aukna samvinnu um netöryggi á milli háskóla, yfirvalda og atvinnulífs í Noregi. Loks fjölluðu íslenskir öryggissérfræðingar frá Landsbankanum um leiðir til að halda vöku sinni varðandi netógnir framtíðar.

**> Upptökur af fundinum**

## Börn og samgöngur

Börn og samgöngur var yfirskrift málþings sem haldið var 18. nóvember á vegum ráðuneytisins í samvinnu við Samgöngustofu, Vegagerðina og Samband íslenskra sveitarfélaga. Á málþinginu tóku ungir sem aldnir til máls og ræddu stöðu barna í samgöngum í víðu samhengi. Það var samdóma álit fyrirlesara af yngri kynslóðinni að ungt fólk vildi taka virkan þátt í stefnumótun um samgöngumál og umferðaröryggi.

Formaður ungmennaráðs Grindavíkur lagði áherslu á að rödd unga fólksins fengi hljómgrunn og það fengi að taka þátt í stefnumótun um umferðaröryggi. Félagar í unglíðastarfi Landsbjargar sögðu frá starfi sínu, meðal annars á vegum YOURS, alþjóðlegra samtaka fyrir umferðaröryggi.

Samstarf Samgöngustofu og sveitarfélaga um að efla umferðaröryggi grunnskólabarna var kynnt og sömuleiðis vinna sveitarfélaga við að gera sérstakar umferðaröryggisáætlanir. Fulltrúi Vegagerðarinnar flutti fyrirlestur um skipulag, þjóðvegi og börn, samgöngu- og umferðarsálfræðingur fjallaði um hagnýtingu sálfræðilegrar þekkingar til að breyta ferðavenjum og loks fjölluðu tveir samgönguverkfræðingar um rannsóknarverkefni um öryggi barna í Reykjavík.

**> Upptökur frá málþinginu**

# Stofnanir

Sex stofnanir og tvö opinber hlutafélög heyra undir fagsvið samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipar forstöðumenn stofnananna. Hlutabréf í opinberu hlutafélögunum eru á hinn bóginn í höndum fjármála- og efnahagsráðuneytis og það kemur í hlut fjármála- og efnahagsráðherra að skipa stjórnir þeirra.



# Stofnanir

BYGGÐASTOFNUN

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

RANNSÓKNARNEFND SAMGÖNGUSLYSA

Samgöngustofa

## Byggðastofnun

Hlutverk Byggðastofnunar er samkvæmt lögum að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við landshlutasamtök og aðra haghafa.

**Alls starfa 26 manns hjá Byggðastofnun.**

## Póst- og fjarskiptastofnun

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæma, örugga og aðgengilega fjarskipta- og póstþjónustu fyrir alla landsmenn. Helstu verkefni eru að hafa eftirlit með fjarskiptamarkaði og póstþjónustu, styðja við uppbyggingu fjarskiptainnviða, neytendavernd og alþjónustu í póstþjónustu og fjarskiptum og að efla netöryggi og öryggi fjarskiptaneta.

**Alls starfa 27 manns hjá Póst- og fjarskiptastofnun.**

## Rannsóknarnefnd samgönguslysa

Rannsóknarnefnd samgönguslysa starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum. Nefndin starfar eftir lögum um rannsókn samgönguslysa. Í lögunum er fjallað um rannsókn flugslysa, sjóslysa og umferðaslysa (ásamt alvarlegum atvikum) og skiptast rannsóknir í þessa flokka. Frá árinu 2018 hefur nefndin einnig rannsakað köfunarslys.

**Hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa starfa 7 manns.**

## Samgöngustofa

Samgöngustofa fer með stjórnsýslu samgöngumála og annast eftirlit í flugi, siglingum, umferð og öryggiseftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu. Frá þeim tíma að Samgöngustofa var stofnuð árið 2013 og tók við verkefnum sem áður heyrðu undir Flugmálastjórn, Umferðarstofu, Siglingastofnun og Vegagerðina, hefur markvisst verið unnið að samþættingu verkefna, hagræðingu og aukinni rafvæðingu í þjónustu.

**Alls starfa um 150 manns hjá Samgöngustofu.**

## Vegagerðin

Hlutverk Vegagerðarinnar er að þróa og annast öruggt samgöngukerfi, á sjó og landi, á sem hagkvæmastan hátt með þarfir samfélagsins að leiðarljósi. Markmið Vegagerðarinnar er að tryggja samgöngur allt árið með eins litlum tilkostnaði og eins miklum þægindum og hægt er fyrir vegfarendur. Vegagerðin er veghaldari þjóðvega og sér um vegagerð, þjónustu og viðhald vega. Vegagerðin rekur landsvitakerfi og hefur umsjón og eftirlit með uppbyggingu hafnarvita og innsiglingarmerkja. Vegagerðin hefur umsjón með hafnabótasjóði sem veitir styrki til framkvæmda í höfnum.

**Í lok árs 2019 störfuðu 327 manns hjá Vegagerðinni.**

## Þjóðskrá Íslands

Hlutverk Þjóðskrár Íslands er að halda grunnskrár, gefa út skilríki og vottorð og meta fasteignir. Réttar og uppfærðar upplýsingar úr grunnskrám eru nýttar til að skapa verðmæti og til að nýtast hinu opinbera sem og einkaaðilum. Þjóðskrá Íslands þjónustar aðra opinbera aðila með hugbúnaðarþróun, þjónustuveri og tölvurekstri og leggur áherslu á samnýtingu gagna og upplýsingatækni.

**Í lok árs 2019 störfuðu 104 starfsmenn hjá Þjóðskrá Íslands.**

## Isavia

Isavia er þjónustufyrirtæki í rekstri flugvalla og flugleiðsögu. Isavia ohf. er opinbert hlutafélag sem sér um rekstur Keflavíkurflugvallar, flugleiðsöguþjónustu og innanlandsflugvallarkerfis. Undir Isavia ohf. starfa þrjú dótturfélög. Isavia Innanlands sem rekur öflugt net innanlandsflugvalla á Íslandi á grundvelli þjónustusamnings við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, Isavia ANS sem annast flugleiðsöguþjónustu á einu stærsta flugstjórnarsvæði heims og Fríhöfnina sem rekur verslanir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Framtíðarsýn Isavia er að Ísland verði miðstöð flugs á Norður-Atlantshafi.

**Í lok árs 2019 unnu 1.360 manns hjá ISAVIA og dótturfélögum þess.**

## Íslandspóstur ohf.

Íslandspóstur er opinbert hlutafélag og hlutverk þess er að tengja fólk, fyrirtæki og samfélög með dreifingar-, samskipta- og flutninga lausnum um allt land og allan heim. Dreifikerfi Íslandspósts nær til allra heimila og fyrirtækja landsins. Pósthús og landpóstar veita viðskiptavinum alhliða póstþjónustu, óháð staðsetningu. Pósturinn starfar á alþjóðavísu með öðrum póstþjónustum og samstarfsfyrirtækjum um vörusendingar til og frá Íslandi og myndar þannig tengingu við erlend dreifikerfi um allan heim.

**Árið 2019 voru 721 stöðugildi hjá Íslandspósti.**



# Starfsemi

# Stefnumótun

*Stefnumótun er forsenda framfara og eru stefnur og áætlanir unnar fyrir alla málaflokka ráðuneytisins. Með aukinni samhæfingu þeirra gefst kostur á að horfa lengra en til verkefna einstakra málaflokka og hámarka þannig árangur.*




## Skipulag

Ráðherra skipar samgönguráð, byggðamálaráð, fjarskiptaráð og starfshóp um stefnu í sveitarstjórnarmálum. Ráðin leggja fram tillögu að 15 ára stefnu og fimm ára aðgerðaáætlun fyrir hvern málaflokk með forgangsröðun, að fengnum áherslum ráðherra. Málaflokkar ráðuneytisins raðast í fjórar stefnur og áætlanir í fjarskiptum, samgöngum, byggðamálum og sveitarstjórnarmálum. Með hverju ráði starfa verkefnisstjórar sem vinna enn fremur að samhæfingu á vettvangi stefnumótunarhóps ráðuneytisins.

## Samhæfing

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vinnur að samhæfingu áætlana í málaflokkum sínum. Samhæfing áætlana hefur undirstöðu í sameiginlegri framtíðarsýn og meginmarkmiðum fyrir alla málaflokka ráðuneytisins ásamt að horfa til samspils áherslna og aðgerða. Einnig er tekið mið af samspili og samhæfingu við aðrar áætlanir í Stjórnarráðinu þegar þær eru unnar, svo sem aðgerðaáætlun um loftslagsmál, heilbrigðisstefnu og landsskipulagsstefnu.

Ávinningur af samhæfingu er margþættur og felur til að mynda í sér möguleika á betri nýtingu fjármuna, aukið gegnsæi og samvinnu málaflokka um sambærilegar eða sameiginlegar áherslur og aðgerðir.

## Árangur og sýnileiki

Í aðgerðaáætlunum stefnanna er að finna markmið og mælikvarða sem marka framganginn. Ár hvert er staða þeirra birt í ársskýrslu ráðherra, sbr. lög um opinber fjármál, nr. 125/2015. Hægt er að kynna sér aðgerðaáætlun hverrar áætlunar á á vef Stjórnarráðsins.

Ráðuneytið hefur gefið út kynningarrit um stefnumótun og samhæfingu áætlana ráðuneytisins. Þetta er í fyrsta sinn sem gefi er út rit af þessu tagi um samhæfingu áætlana í Stjórnarráðinu sem nær til allra verkefnasviða ráðuneytis í heild.



# Mannauður

*Það er stefna ráðuneytisins að hafa ávallt á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki sem sýnir frumkvæði í störfum, veitir góða þjónustu og bregst við síbreytilegum þörfum samfélagsins.*

Ný mannauðsstefna ráðuneytisins var samþykkt á árinu. Þar er lögð rík áhersla á starfsánægju og heilbrigði starfsfólks, jafnvægi milli vinnu og einkalífs, jafnrétti, góðan aðbúnað á vinnustað, jákvæð samskipti, faglega og styðjandi stjórnun og tækifæri fyrir starfsfólk til símenntunar og þróunar í starfi. Þá er það ófrávíkjanlegt markmið mannauðsstefnu að einelti, fordómar og kynferðisleg áreitni fyrirfinnist ekki í ráðuneytinu.

## Markmiðum náð á árinu

Í mannauðsstefnunni eru sett fram ýmis markmið um árangur. Árangurinn er m.a. mældur í reglulegum vinnustaðakönnunum sem framkvæmdar eru í öllu Stjórnarráðinu. Þrjár kannanir voru gerðar á árinu 2019.

Starfsánægja mælist góð hjá ráðuneytinu, eða í 4,2 af 5 mögulegum. Fjarvistir vegna veikinda minnkuðu á milli ára og mældist hlutfall veikindadaga 4,06%. Samkvæmt könnuninni upplifir starfsfólk sveigjanleika í vinnu og telur sig eiga gott með að samræma fjölskyldu- og einkalíf. Sá liður hækkar á milli ára og mælist 4,31. Þá er starfsfólk ánægt með samskipti á vinnustaðnum en þau mælast í 4,26. Almenn ánægja ríkir með aðstöðu og aðbúnað í ráðuneytinu en sá liður hækkar milli ára og mælist 4,2. Einnig er ánægja með tækifæri til símenntunar og starfsþróunar og mælist 4,35.

## Jafnrétti og jafnlaunavottun

Starfsfólk ráðuneytisins telur mikið jafnrétti milli kynja ríkja innan ráðuneytisins, en það mælist 4,65. Endurspeglast það einnig í kynjahlutfalli í yfirstjórn ráðuneytisins en þar eru þrjár konur og tveir karlar. Óháðir úttektaraðilar gerðu úttekt á jafnlaunakerfi ráðuneytisins og hlaut ráðuneytið jafnlaunavottun í febrúar 2019 og viðhaldsvottun í janúar 2020.

## Starfsmenn ráðuneytisins

Í lok árs 2019 störfuðu 42 starfsmenn í ráðuneytinu í föstu starfi og þrír starfsmenn í tímabundnu starfi, alls 42,75 stöðugildi, auk ráðherra og aðstoðarmanna. Kynjahlutfall í ráðuneytinu er jafnt en hjá ráðuneytinu starfa 25 konur og 23 karlar. Langflestir starfsmenn ráðuneytisins eru háskólamenntaðir, eða 96%. Þar af eru 84% starfsmanna með meistaragráðu eða lengri menntun. Meðalaldur starfsmanna er tæp 49 ár og meðal starfsaldur hjá ráðuneytinu tæp 9 ár. Starfsmannavelta er lítil eða um 2%.

| 48 | 25 | 23 |
|---|---|---|
| starfsmenn | konur | karlar |

Meðalaldur **48,7 ár**

Meðalstarfsaldur **8,8 ár**

## Vinnustaðakönnun

| 4,20 | 4,31 | 4,35 | 4,65 |
|---|---|---|---|
| Starfsánægja | Jafnvægi milli vinnu og einkalífs | Símenntun og starfsþróun | Jafnrétti á vinnustað |

**Heimild:** Vinnustaðakönnun Maskínu haustið 2019

## Háskólamenntun starfsmanna



# Fjármál og rekstur

## 7,3% af fjárlögum

Hlutdeild samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins í fjárlögum 2019 nam ríflega 68 ma.kr. eða 7,3% af heildarútgjöldum ríkisins. Skiptingu milli ráðuneyta má skoða í meðfylgjandi kökuriti.

## Hlutdeild málaflokka

Mest fjármagn rennur til samgagna, eða 60%. Framlög til sveitarfélaga koma þar næst með 30% hlutdeild. Aðrir málaflokkar skipta með sér 10%. Skiptinguna má sjá í meðfylgjandi kökuriti.

## Græn skref – þrjú skref af fimm hafa náðst

Ráðuneytið tekur þátt í innleiðingu Grænna skrefa í ríkisrekstri, en markmiðið er að stuðla að aukinni sjálfbærni og bættri umhverfisvitund meðal starfsfólks.

## Kolefnisjöfnun starfsemi

Ráðuneytið hefur sett sér markmið um að kolefnisjafna starfsemi sína. Frá og með fyrsta heila starfsári ráðuneytisins, 2018, hefur starfsemin verið kolefnisjöfnuð.

## Launakostnaður 80,9%

Fjárveiting til aðalskrifstofu ráðuneytisins nam 685,9 m.kr. í fjárlögum ársins 2019. Þar af nam framlag úr ríkissjóði 588,7 m.kr. en 97,2 m.kr. voru í formi rekstartekna. Hlutfall launakostnaðar var 80,9% af rekstrarkostnaði aðalskrifstofu ráðuneytisins að meðtalinni orlofsskuldbindingu.




## Fjárlög 2019

- Heilbrigðisráðuneytið
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið
- Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
- Umhverfis- og auðlindarráðuneytið
- Vaxtagjöld Ríkissjóðs
- Æðsta stjórn
- Forsætisráðuneytið
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið
- Utanríkisráðuneytið
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Dómsmálaráðuneytið
- Félagsmálaráðuneytið




## Fjárveiting til málaflokka

- Samgöngur
- Fjarskipti
- Stjórnsýsla ráðuneytisins
- Fjölskyldumál
- Grunnskrár
- Framlög til sveitarfélaga
- Byggðamál




## Skipting útgjalda ráðuneytisins

- Launakostnaður
- Ferðir og fundir
- Rekstrarvörur
- Aðkeypt þjónusta
- Húsnæði
- Annar rekstrarkostnaður



REKSTUR



# Samráðsgátt

*Markmið samráðsgáttar stjórnvalda – samradsgatt.island.is – er að auka gagnsæi og möguleika almennings og hagsmunaaðila á þátttöku í stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatöku opinberra aðila. Á einum stað er hægt að finna öll mál ráðuneyta sem birt eru til samráðs við almenning og öllum er frjálst að senda inn umsögn eða ábendingu.*

**48**
mál




Í samráðsgáttinni eru birt áform um lagasetningu, drög að lagafrumvörpum og reglugerðum, skjöl um stefnumótun og fleira. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið birti alls 48 mál til umsagnar í samráðsgáttinni árið 2019, þar af 12 drög að lagafrumvörpum og önnur tólf drög að reglugerðum. Í fyrra voru drög að sóknaráætlunum landshluta í fyrsta sinn birt í samráðsgátt en sjö slíkar fóru í samráð.

- Drög að frumvarpi til laga
- Drög að reglugerð
- Drög að stefnu
- Áform um lagasetningu
- Annað

# Þingmál og nefndir



**15**
lagafrumvörp samþykkt

**41**
fyrirspurnir á Alþingi

**26**
lögbundnar nefndir og ráð

**17**
tímabundnar nefndir og starfshópar

## Þingmál

Árið 2019 voru samþykkt 15 þingmál sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra lagði fram, þar af 11 lagafrumvörp og fjórar þingsályktunartillögur.

## Fyrirspurnir

Á árinu svaraði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra 41 fyrirspurn á Alþingi.

## Nefndir og ráð

Undir málefnasvið samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis teljast nítján lögbundnar nefndir og ráð, tvær lögbundnar úrskurðarnefndir og fimm lögbundnar stjórnir. Auk þess starfa 17 nefndir og starfshópar tímabundið.

## Samþykkt frumvörp

- Áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa
- Breyting á lögum vegna alþjóðasamþykktar um vinnu við fiskveiðar
- Ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta
- Skráning einstaklinga
- Tekjustofnar sveitarfélaga
- Póstþjónusta (heildarlög)
- Póstþjónusta (erlendar sendingar)
- Siglingavernd
- Skráning og mat fasteigna
- Umferðarlög
- Öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða

## Samþykktar þingsályktanir

- Fimm ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2019-2023
- Fimm ára samgönguáætlun 2019-2023
- Samgönguáætlun 2019-2033
- Stefna í fjarskiptum fyrir árin 2019-2033

ÞINGMÁL & NEFNDIR



# Stjórnsýsluúrskurðir

*Ráðuneytinu bárust 65 stjórnsýslukærur árið 2019, sem er fjölgun um 55% frá árinu á undan þegar 42 kærur bárust. Á árinu 2019 voru 98 kærur til meðferðar, sem skýrist af óloknum málum frá fyrra ári.*

**Úrskurðað var í 61 kærumáli á árinu, sem er aukning um 22% frá árinu á undan þegar úrskurðað var í 50 málum.**

Myndin sýnir hvernig þær 65 kærur sem bárust á árinu 2019 skiptast eftir málaflokkum.




### Innkomnar kærur árið 2018 og skipting eftir málaflokknum

- Umferð
- Vegagerð
- Ökuréttindi
- Annað
- Flug/neytendavernd
- Lögheimili
- Siglingar
- Skráning
- Sveitarstjórnarmál

## Málshraði jókst

Markmið ráðuneytisins um málshraða er að 90% kærumála sé lokið innan sex mánaða. Málshraði styttist nokkuð á milli ára, frá því að 22% mála var lokið á innan við sex mánuðum 2018 í að 38% mála var lokið innan viðmiða 2019. Á árinu var stöðugildum fjölgað úr 1 í 1,3 auk þess sem allt ferlið við stjórnsýsluúrskurði var gert rafrænt. Fjölgun kæra á milli ára dregur á hinn bóginn úr árangri sem að var stefnt.




### Málshraði árið 2019

- Undir 6 mánuðum
- 6–9 mánuðir
- 9–12 mánuðir
- Meira en 12 mánuðir

## Ákvörðun staðfest í helmingi tilfella

Í þeim 39 málum sem lauk með niðurstöðu á árinu 2019 var stjórnsýsluákvörðun stofnunar staðfest í 74% tilvika en í 24% tilvika var ákvörðun felld úr gildi eða úrskurðuð ólögmæt. Undir flokkinn *annað* falla 22 mál sem lýkur ekki með niðurstöðu t.d. mál sem vísað er frá eða eru felld niður. Myndin sýnir niðurstöður 61 máls sem lauk á árinu.




### Niðurstöður úrskurða árið 2019

- Ákvörðun staðfest
- Ákvörðun felld úr gildi
- Annað

ÚRSKURÐIR

# Samskipti

*Það er leiðarljós samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis að vera til fyrirmyndar í upplýsingagjöf til samfélagsins og þjóna íbúum landsins af fagmennsku.*




Upplýsingamiðlun á vegum ráðuneytisins byggir á samskiptastefnu sem tók gildi í mars 2019. Markmið stefnunnar eru þríþætt: Frumkvæði að því að kynna framtíðarsýn og málaflokka ráðuneytisins; birta gögn að fyrra bragði í takt við stefnu um opna stjórnsýslu og gagnsæi; og veita svör við fyrirspurnum og álitamálum hratt og örugglega. Á grunni samskiptastefnu ráðuneytisins er samin kynningaráætlun fyrir allt að eitt ár í senn.

Vefur ráðuneytisins er meginuppspretta upplýsinga um málaflokka og þjónustu þess en þar er hægt að nálgast margvísleg gögn með auðveldum hætti.

## Síða opnuð á Facebook

Þá opnaði ráðuneytið síðu á Facebook á árinu og nýtir vettvanginn þar til að auka upplýsingastreymi til almennings. Einnig eru haldnir fundir, málþing og ráðstefnur um fjölbreytt málefni og er stærri fundum streymt á vef Stjórnarráðsins. Samskipti við fjölmiðla eru ríkur þáttur í upplýsingamiðlun og er fyrirspurnum þeirra svarað hratt og örugglega í samræmi við upplýsingalög.

## Tíu mest lesnu fréttir og síður

1. Samgöngubætur á Austurlandi með hringtengingu ganga.
2. Ferðumst saman - morgunverðarfundur um almenningssamgöngur milli byggða.
3. Netógnir í nýjum heimi - ráðstefna um netöryggismál.
4. Ráðstefna um konur og siglingar á alþjóðasiglingadeginum.
5. Markviss uppbygging innviða vegna orkuskipta í samgöngum.
6. Samið við 23 sveitarfélög um styrki til ljósleiðaravæðingar í dreifbýli.
7. Stefna mótuð um almenningsamgöngur fyrir allt landið.
8. Umsækjendur um starf upplýsingafulltrúa í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.
9. Viðbrögð stjórnvalda vegna gjaldþrots WOW-air.
10. Úthlutun úr Fjarskiptasjóði vegna ljósleiðaravæðingar.

**170**
fréttir á vef

**113**
færslur birtar á Facebook

**780**
fylgjendur á Facebook

# FRÉTTAANNÁLL

**1. janúar**

Ný lög um lögheimili og aðsetur tóku gildi um áramótin. Nánar >

**10. janúar**

Námskeið í netöryggisfræðum með fyrirlesara frá Oxford-háskóla. Nánar >



**18. janúar**

Samkomulag við japönsk yfirvöld greiðir fyrir beinum flugsamgöngum. Nánar >



**7. febrúar**

Samgönguáætlun fyrir tímabilið 2019-2033 samþykkt á Alþingi. Nánar >



**14. febrúar**

Stefna mótuð um almenningssamgöngur fyrir allt landið. Nánar >

**28. febrúar**

Morgunverðarfundur haldinn um almenningssamgöngur milli byggða. Nánar >

**4. mars**

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hlýtur jafnlaunavottun. Nánar >



**20. mars**

Ráðherra fjallar um fjárfestingar í innviðum og endurgreiðslur í flugi á ráðherrafundi OECD í Aþenu um stefnumörkun í byggðaþróun. Nánar >

**22. mars**

Samið við 23 sveitarfélög um styrki til ljósleiðaravæðingar í dreifbýli. Nánar >

**3. apríl**

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til stuðnings lífskjarasamningum aðila vinnumarkaðarins kynntar. Nánar >

**5. apríl**

Rannsóknarsetur um sveitarstjórnarmál formlega opnað á Laugarvatni.



**5. apríl**

Skýrsla starfshóps um fjármögnun flýtiframkvæmda kynnt. Nánar >

**9. apríl**

Ráðherra úthlutar 71,5 milljónum króna til verkefna á landsbyggðinni. Nánar >

**10. apríl**

Viðbrögð stjórnvalda vegna gjaldþrots WOW kynnt. Nánar >

**11. apríl**

Ráðherra fjallar um öfluga og markvissa byggðastefnu á ársfundi Byggðastofnunar. Nánar >



**17. apríl**

Síðasta sprenging í nýjum Dýrafjarðargöngum. Nánar >



**23. apríl**

Gjaldskrár vatnsveitna teknar til skoðunar eftir úrskurð ráðuneytis um að álagning OR á vatnsgjaldi 2016 hafi verið ólögmæt. Nánar >

**26. apríl**

Frumkvæðisathugun á framkvæmd fjárhagsáætlana sveitarfélaga lokið. Nánar >

**2. maí**

Ársrit samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins gefið út. Nánar >



**6. maí**

Ný og endurbætt upplýsingagátt Jöfnunarsjóðs opnuð. Nánar >

**9. maí**

Nýtt og endurbætt slysakort kynnt á morgunverðarfundi um umferðaröryggi. Nánar >



**3. júní**

Ný stefna í fjarskiptum 2019-2033 og fjarskiptaáætlun 2019-2023 samþykkt á Alþingi. Nánar >

**3. júní**

Jón Gunnar Jónsson skipaður forstjóri Samgöngustofu. Nánar >



**24. maí**

Ráðherra flytur ávarp á aðalfundi alþjóðasamtaka samgönguráðherra. Nánar >



**6. júní**

Fjarskiptasjóður styrkir uppbyggingu Neyðarlínu á stofnleiðum ljósleiðara og aðstöðu fyrir fjarskiptasenda. Nánar >

**8. júní**

Ferðamannavegurinn Norðurstrandarleið opnaður. Nánar >



**11. júní**

Nýtt gagnvirkt þjónustukort opnað á vef Byggðastofnunar. Nánar >



**19. júní**

Ný framtíðarsýn samþykkt fyrir Norrænu ráðherranefndina á fundi samstarfsráðherra Norðurlanda á Íslandi. Nánar >



**15. júní**

Nýr Herjólfur formlega nefndur og afhentur Vestmannaeyingum. Nánar >



**11. júní**

- Ný umferðarlög samþykkt á Alþingi. Nánar >
- Lög um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða samþykkt á Alþingi. Nánar >

**20. júní**

Ný heildarlöggjöf um póstþjónustu samþykkt á Alþingi. Nánar >

**24. júní**

Verzlunarfjelag Árneshrepps opnað á Ströndum m.a. með styrkjum á grundvelli byggðaáætlunar. Nánar >

**26. júní**

Fjölmennt málþing um fjarheilbrigðisþjónustu í dreifbýli. Nánar >



**28. júní**

Ný vestnorræn byggðaþróunarstefna samþykkt á fundi norrænna byggðamálaráðherra á Íslandi. Nánar >

FRÉTTAANNÁLL

**2. júlí**

Jarðgöng og lágbrú metnir fýsilegir kostir fyrir Sundabraut í skýrslu starfshóps. Nánar >



**14. ágúst**

Samgöngubætur á Austurlandi með hringtengingu ganga kynntar í nýrri skýrslu. Nánar >




**14. ágúst**

Nýr vegarkafli í Berufirði opnaður. Með þeim áfanga er hringvegurinn allur lagður með bundnu slitlagi. Nánar >



**2. september**

Frumvarp um íslensk landshöfuðlén í samráðsgátt. Nánar >

**6. september**

Ráðherra flytur ávarp á aukalandsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga og kynnir þingsályktunartillögu um stefnu í málefnum sveitarfélaga. Nánar >

**11. september**

Áherslur samgöngu-og sveitarstjórnarráðherra í frumvarpi til fjárlaga 2020 kynntar. Nánar >

**12. september**

Alþjóðleg ráðstefna um tækifæri og áskoranir í byggðamálum haldin í Háskólanum á Akureyri á vegum ráðuneytisins og Nordregio. Nánar >

**16. september**

Nýr Þingvallavegur opnaður eftir miklar endurbætur til að auka öryggi. Nánar >

**24. september**

Þingsályktunartillaga um stefnu ríkisins í málefnum sveitarfélaga lögð fram á Alþingi. Nánar >

**26. september**

Sáttmáli undirritaður um fjölbreyttar samgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Nánar >



**26. september**

Ráðstefna um konur og siglingar haldin undir yfirskriftinni „Hvað er svona merkilegt við það?" á vegum ráðuneytisins og Siglingaráðs. Nánar >

**1. október**

Október var helgaður netöryggismálum í mörgum löndum Evrópu. Nánar >

**2. október**

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga haldinn. Heildarframlög sjóðsins árið 2018 námu tæpum 47,7 milljörðar. Nánar >

**3. október**

Ráðstefna um netöryggismál haldin undir yfirskriftinni: Netógnir í nýjum heimi. Nánar >

**3. október**

Greining á vegum ráðuneytisins leiðir í ljós 3,6-5 milljarða árlega hagræðingu af sameiningum sveitarfélaga. Nánar >

**17. október**

- Morgunfundur um endurskoðaða samgönguáætlun fyrir tímabilið 2020-2034.
- Fyrsta flugstefna Íslands kynnt. Nánar >

**23. október**

Undirritun samnings um fullgildingu Höfðaborgarsamþykktar um öryggi stærri fiskiskipa markar tímamót í öryggismálum fiskiskipa. Nánar >



**29. október**

Ný lög samþykkt á Alþingi um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraðafjarskiptaneta. Nánar >

**31. október**

Morgunfundur haldinn um netárásir á fyrirtæki í samvinnu við Samtök atvinnulífsins. Nánar >



**1. nóvember**

Netöryggiskeppni íslenskra ungmenna hófst en landskeppni fer fram í febrúar 2020. Nánar >

**12. nóvember**

Samningar undirritaðir um sóknaráætlanir landshluta til fimm ára. Nánar >



**13. nóvember**

Tæpum fimmtán milljónum úthlutað til verslunar í strjálbýli á grundvelli byggðaáætlunar. Nánar >

**14. nóvember**

Ráðstefna haldin um flutningalandið Ísland. Nánar >

**15. nóvember**

Frumvarp til laga um samvinnuverkefni um vegaframkvæmdir í samráðsgátt. Nánar >



**17. nóvember**

Árlegur minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa haldinn á fjórtán stöðum um land allt. Nánar >



**18. nóvember**

Málþing haldið um börn og samgöngur með þátttöku sérfræðinga og ungs fólks, þ.á m. úr ungmennaráði Grindavíkur og unglingadeildum Landsbjargar. Nánar >

**26. nóvember**

Póst- og fjarskiptastofnun falið að útnefna alþjónustuveitanda í pósti. Nánar >

**28. nóvember**

Ríki og borg undirrita samkomulag á grunni skýrslu um flugvallakosti á suðvesturhorninu. Nánar >



**29. nóvember**

Allir byggðakjarnar landsins með háhraðatengingu eftir tengingu ljósleiðara til Mjóafjarðar. Nánar >



**3. desember**

Ný heildarlög um skráningu einstaklinga samþykkt á Alþingi. Nánar >

**4. desember**

Ráðherra mælir fyrir þingsályktunartillaga um samgönguáætlun 2020-2034 með tillögum um aukin framlög og flýtingu framkvæmda. Nánar >

**5. desember**

Nýjungar í nýju frumvarpi um leigubifreiðaakstur kynntar. Nánar >



**10. desember**

Stefnumótun í sveitarstjórnarmálum kynnt á fundi Evrópuráðsins í Strassborg. Nánar >

**11. desember**

Frumvarp til nýrra laga um fjarskipti birt í samráðsgátt. Nánar >

**13. desember**

- Ráðherra heimsækir byggðir á Norðurlandi sem verst urðu úti í fárviðri dagana á undan.
- Starfshópur skipaður um úrbætur á innviðum eftir fárviðrið. Nánar >

**17. desember**

Lög um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa samþykkt. Nánar >

**19. desember**

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra kynnir viljayfirlýsingu um frekari uppbyggingu á Akureyrarflugvelli. Nánar >

**27. desember**

Fjarvinnslustöðvar fá 24 milljónir króna í verkefnastyrki á grundvelli byggðaáætlunar. Nánar >

# Ársskýrsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

2019

# Stjórnarmálefni ráðuneytisins



Stjórnarmálefni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis skiptast milli sjö málaflokka á fjórum málefnasviðum en þau eru:

- **Málefnasvið 6, Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál.**
  - 6.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál.
- **Málefnasvið 8, Sveitarfélög og byggðamál.**
  - 8.1 Framlög til sveitarfélaga.
  - 8.2 Byggðamál.
- **Málefnasvið 11, Samgöngu- og fjarskiptamál.**
  - 11.1 Samgöngur.
  - 11.2 Fjarskipti, netöryggi og póstmál.
  - 11.3 Stjórnsýsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.
- **Málefnasvið 29, Fjölskyldumál.**
  - 29.4 Stuðningur við einstaklinga, fjölskyldur og börn.

**Raunútgjöld málefnasviða (m.kr.)**

Rekstrarútgjöld og fjárfestingar alls 77.361 m.kr.




**Mynd 1.** sýnir raunútgjöld[1] málefnasviða sem heyra að hluta til eða í heild undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Síðastnefnda málefnasviðið er á forræði félagsmálaráðuneytisins en einn fjárlagaliður, þ.e. meðlög skv. lögum nr. 76/2003, er á forræði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Um er að ræða svokallaðan gegnumstreymislið sem ráðuneytið hefur litla aðkomu að og verður því ekki fjallað um það svið.

[1] Þar sem ríkisreikningur liggur ekki fyrir eru einungis bráðabirgðatölur í ársskýrslunni.



# Útgjöld málefnasviða og málaflokka

Í töflu 1 eru málaflokkar þeirra málefnasviða sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra ber ábyrgð á, ásamt málaflokkum sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið á hlutdeild í. Raunútkoma felur í sér gjöld og tilfærslur í m.kr. að frádregnum sértekjum og rekstrartekjum.

**Tafla 1.** Rekstur og tilfærslur – málefnasvið og málaflokkar.

| | | Raunútkoma | Fjárlög 2019 | Fjáraukalög | Afskrifta-framlag | Höfuðstóll fyrra árs | Fjárheimild alls | Ársloka-staða | Frávik % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **06** | **Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál** | **942** | **921** | | **28** | **50** | **1.000** | **58** | **6%** |
| | 0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál | 942 | 921 | | 28 | 50 | 1.000 | 58 | 6% |
| **08** | **Sveitarfélög og byggðamál** | **23.311** | **22.722** | | **0** | **131** | **22.853** | **542** | **2%** |
| | 0810 - Framlög til sveitarfélaga | 20.141 | 20.698 | | 0 | | 20.698 | 557 | 3% |
| | 0820 - Byggðamál | 2.170 | 2.024 | | 0 | 131 | 2.155 | -15 | -1% |
| **11** | **Samgöngu- og fjarskiptamál** | **26.829** | **16.365** | **157** | **10.391** | **-493** | **26.421** | **-408** | **-2%** |
| | 1110 - Samgöngur | 24.784 | 14.301 | 170 | 10.374 | -675 | 24.170 | -614 | -2% |
| | 1120 - Fjarskipti | 1.262 | 1.302 | | 14 | 65 | 1.380 | 118 | 9% |
| | 1130 - Stjórnsýsla samgönguráðuneytis | 783 | 762 | -13 | 4 | 118 | 871 | 88 | 11% |
| **29** | **Fjölskyldumál** | **362** | **302** | | **0** | **0** | **302** | **-60** | **-16%** |
| | 2940 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn | 362 | 302 | | 0 | 0 | 302 | -60 | -16% |
| | **Samtals málefnasvið / málaflokkar** | **50.444** | **40.311** | **157** | **10.420** | **-311** | **50.577** | **133** | **0%** |

*Fjárhæðir í milljónum króna*



**Tafla 2.** Fjárfesting — málaflokkar.

| | | Raunútkoma | Fjárlög 2019 | Fjáraukalög | Annað | Höfuðstóll fyrra árs | Fjárheimild alls | Árslokastaða | Frávik % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **06** | **Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál** | **32** | **30** | | **1** | **-18** | **13** | **-19** | **-58%** |
| | 0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál | 32 | 30 | | 1 | -18 | 13 | -19 | -58% |
| **11** | **Samgöngu- og fjarskiptamál** | **26.885** | **25.013** | **535** | **109** | **5.140** | **30.797** | **3.912** | **15%** |
| | 1110 - Samgöngur | 26.856 | 24.996 | 524 | 109 | -5.138 | 20.492 | -6.365 | -24% |
| | 1120 - Fjarskipti | 16 | 12 | | | -2 | 9 | -7 | -42% |
| | 1130 - Stjórnsýsla samgönguráðuneytis | 12 | 5 | 11 | | 0 | 16 | 4 | 34% |
| | **Samtals málefnasvið / málaflokkar** | **26.917** | **25.043** | **535** | **111** | **5.122** | **30.811** | **3.893** | **14%** |

*Fjárhæðir í milljónum króna*



Undir málaflokk 6.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál heyrir Þjóðskrá Íslands. Málaflokkurinn var 58 m.kr., eða 6%, undir fjárheimild í árslok. Rekstur stofnunarinnar var liðlega 20 m.kr. yfir heimild fjárlaga, en að teknu tilliti til flutnings fjárheimilda frá fyrra ári og afskriftaframlags var staðan jákvæð um 58 m.kr. eins og áður greinir. Rekstrarfjárfesting Þjóðskrár nam 32 m.kr. og var um 19 m.kr. yfir heimild ársins. Neikvæð staða kemur til frádráttar fjárfestingarheimild á yfirstandandi ári.

Undir málaflokk 8.1 Framlög til sveitarfélaga fellur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Útgjöld málaflokksins voru 557 m.kr. undir fjárveitingu, sem nemur 3%. Frávikið skýrist af því að uppgjör á hlut Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í innheimtu skatttekna ríkissjóðs 2019 reyndist lægra en fjárveiting ársins. Málaflokkur 8.2 Byggðamál var um 15 m.kr. yfir fjárheimild, sem verður að teljast óverulegt frávik í heildarsamhenginu.

Rekstrarútgjöld málaflokks 11.1 Samgöngur námu 24.784 m.kr. sem er um 614 m.kr., eða 2%, yfir fjárheimild. Útgjöld Vegagerðarinnar voru um 1,1 ma.kr. umfram fjárveitingu í árslok að teknu tilliti til yfirflutts halla frá fyrra ári. Að stærstum hluta er um að ræða halla á þjónustulið vegna aukins álags á vegakerfið á undanförnum árum í kjölfar fjölgunar ferðamanna. Þá er um að ræða eldri halla á styrkjum til almenningssamgangna m.a. vegna tafa á afhendingu Herjólfs. Á hinn bóginn voru útgjöld Hafnabótasjóðs um 381 m.kr. lægri en uppsöfnuð fjárveiting ársins, en sjóðurinn greiðir framlög til hafnaframkvæmda á vegum sveitarfélaga sem miðast við verkframvindu. Þá voru útgjöld á fjárlagaliðnum Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta um 79 m.kr. undir heildarfjárveitingu ársins. Óveruleg frávik voru hjá Samgöngustofu og Rannsóknarefnd samgönguslysa.

Fjárfestingar Vegagerðarinnar námu 26,9 ma.kr. samanborið við 30,8 ma.kr. fjárfestingarframlag að meðtöldum yfirflutningi frá fyrra ári. Óráðstöfuð fjárfestingarheimild nam því tæpum 3,9 ma.kr. í árslok 2019, sem leggst við heimild ársins 2020. Fjárhæðin er öll skuldbundin til framkvæmda á vegum Vegagerðarinnar, en stofnunin greiðir eftir verkframvindu sem skýrir ónotaðar fjárveitingar um síðustu áramót.

Rekstrarútgjöld málaflokks 11.2 Fjarskipti og póstmál námu 1.262 m.kr. og voru 118 m.kr., eða 9%, undir fjárheimild. Rúmur helmingur fráviksins skýrist af jákvæðri árslokastöðu hjá Póst- og fjarskiptastofnun, en leiðrétting var gerð á framlagi til stofnunarinnar í fjáraukalögum 2019, sem samþykkt voru seint á árinu. Það frávik sem eftir stendur má rekja til Fjarskiptasjóðs í tengslum við verkefnið Ísland ljóstengt.

Rekstrarútgjöld málaflokks 11.3 Stjórnsýsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins námu 783 m.kr. og voru 88 m.kr., eða 11%, undir fjárheimild ársins. Útgjöld aðalskrifstofu ráðuneytisins námu liðlega 579 m.kr. og voru 29 m.kr. undir fjárveitingu, sem er um 4% frávik. Þá var 38 m.kr. afgangur á fjárlagaliðnum 10-190 Ýmis verkefni í árslok. Skýrist frávikið af töfum á skuldbundnum verkefnum.

Undir málaflokk 29.4 Stuðningur við einstaklinga, fjölskyldur og börn heyrir eitt fjárlagaviðfang sem er á forræði ráðuneytisins, þ.e. 10.190.118 Meðlög samkvæmt barnalögum, nr. 76/2003. Útgjöld námu um 362 m.kr. og voru um 60 m.kr., eða 16%, yfir fjárveitingu. Um er að ræða lögbundin útgjöld vegna meðlagsgreiðenda sem búsettir eru erlendis. Fjársýsla ríkisins sér um uppgjör á liðnum gagnvart Innheimtustofnun sveitarfélaga og Tryggingastofnun.

# Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna

*Umfjöllunin hér á eftir er kaflaskipt eftir málaflokkum á þeim málefnasviðum þar sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra fer með forræði.*

Árangursmælingar markmiða sýna viðmið fyrir 2019 og raunniðurstöðu í árslok 2019. Einnig er sýnd þróun mælinga frá 2018 til samanburðar. Í töflunum hér á eftir eru notaðir eftirfarandi litir fyrir aðgerðirnar til að sýna framgang þeirra. Athuga skal að um getur verið að ræða aðgerð eða aðgerðahluta ef verkefnið nær yfir meira en eitt ár.

## Um þróun markmiða og mælikvarða

Breytingar geta hafa orðið á markmiðum og mælikvörðum milli fjármálaáætlana síðustu ára þar sem efnið er í þróun og áherslur geta breyst milli ríkisstjórna. Gerð er grein fyrir, eftir atvikum, breytingum og ástæðum þeirra í viðkomandi fjármálaáætlun. Í skýrslunni eru notaðir nýjustu mælikvarðar málaflokkanna hverju sinni.

| Málaflokkar | Ekki hafin/n | Undirbúningur hafinn | Hafin/n | Komin/n vel á veg | Lokið | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 6.1 Hagskýrslurgerð, grunnskrár og uppl. | | | 1 | 1 | 1 | 3 |
| 8.2 Byggðamál | | 1 | 2 | | 9 | 12 |
| 11.1 Samgöngur | 1 | | | 3 | 9 | 13 |
| 11.2 Fjarskipti, netöryggi og póstmál | | | 2 | 1 | 4 | 7 |
| **Samtals aðgerðir** | 1 | 1 | 5 | 5 | 23 | |

Staða og fjöldi aðgerða og aðgerðahluta: ● Ekki hafin/n ● Undirbúningur hafinn ● Hafin/n ● Komin/n vel á veg ● Lokið





# 06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

Fjögur markmið eru skilgreind fyrir málaflokkinn. Aðeins verður fjallað um það markmið sem snýr að verkefnum ráðuneytisins, sem er númer 4:

1. Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum hagtölum, m.a. með viðbótarbreytum, nýjum hagskýrslum og lýsigögnum fyrir hagskýrslur, ásamt kynningarefni í tengslum við birtingu hagtalna.
2. Ljúka uppsetningu og aðgengi að skilgreindum gagnasettum á grundvelli grunngerðar landupplýsinga á Íslandi.
3. Aukið framboð stafrænnar þjónustu.
4. Koma á samræmdu skipulagi (samræmdri högun) upplýsingakerfa þar sem gætt er sérstaklega að hagkvæmni ásamt öryggi upplýsinga og kerfa til að verjast glæpum og ógnum á netinu.



## Árangur markmiða fyrir málaflokk 06.10

**Markmið 4:** Koma á samræmdu skipulagi (samræmdri högun) upplýsingakerfa þar sem gætt er sérstaklega að hagkvæmni ásamt öryggi upplýsinga og kerfa til að verjast glæpum og ógnum á netinu.

| Mælikvarðar fyrir markmið 4 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Árangur 2019 |
|---|---|---|---|
| Endurnýjun helstu grunnskráa ríkisins svo að þær verði tæknilega og rekstrarlega færar um að mæta síbreytilegum nútímakröfum. | Breytingar innleiddar í þjóðskrárkerfið vegna gildistöku laga um lögheimili og aðsetur og undirbúningur fyrir skráningu lögheimila á íbúðir kominn vel á veg. | Í árslok verða einstaklingar skráðir á íbúðir og upplýsingar um fjölskyldu-vensl og forsjá gerðar aðgengilegar til að koma til móts við þarfir samfélagsins og draga úr ríkisútgjöldum. | Þjóðskrárkerfi aðlagað að nýjum lögum um lögheimili og lögum um kynrænt sjálfræði. Ný lögheimilaskrá gerð og um 88% upplýsinga um lögheimili einstaklinga í íbúðum skráðar í þjóðskrá fyrir gildistöku 1. janúar 2020. |
| Viðbúnaður vegna vaxandi netglæpa. | Námskeið, fræðsluefni, kröfur og viðmið fyrir opinber kerfi kynnt og aðstoð í boði 2018 og 2019. Aðgerðaáætlun[3] unnin til að bregðast við ábendingum í Oxford-skýrslunni og innleiða endurskoðaða stefnu í netöryggismálum. | a) Úttekt á gæðum og öryggi opinberra vefja framkvæmd 2019. Námskeið, fræðsluefni, kröfur og viðmið fyrir opinber kerfi kynnt og aðstoð í boði 2018-2019.<br><br>b) Framkvæmd aðgerðaáætlunar til að bregðast við ábendingum Oxford-skýrslunnar og innleiða endurskoðaða stefnu í netöryggismálum. | a) Vegna skipulagsbreytinga er úttekt á gæðum opinberra vefja ekki lengur á forræði ráðuneytisins og hefur úttekt á öryggi þeirra haldist í hendur við hana. Úttekt á gæðum var frestað til 2020 og er stefnt að því að taka út öryggisþætti samhliða sem fyrr.<br><br>b) Ábendingar Oxford-skýrslunnar eru 120. Í árslok var búið að hefja viðbragð við 67 ábendingum. |

[3] Sjá aðgerðaáætlun: https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2015/netoryggisstefna_2015_april.pdf



| Aðgerðir sem styðja við markmið 4 | | Framkvæmt 2019 |
|---|---|---|
| Smíði á nýju þjóðskrárkerfi og viðhald á núverandi vinnslukerfi þjóðskrár. Koma meðal annars á skráningu og miðlun upplýsinga um skráningu einstaklinga á íbúðir. | ● (Hafin/n) | Þjóðskrárkerfi aðlagað að nýjum lögum um lögheimili og lögum um kynrænt sjálfræði. Ný lögheimilaskrá gerð og um 88% upplýsinga um lögheimili einstaklinga í íbúðum skráðar í þjóðskrá fyrir gildistöku 1. janúar 2020. |
| Framkvæmd aðgerðaáætlunar til að mæta ábendingum í Oxford-skýrslu og framkvæmd aðgerða í endurskoðaðri netöryggisstefnu. Úttektir, fræðsluefni, námskeið, ráðgjöf og tæknilegur búnaður varðandi net- og upplýsingaöryggi (og persónuvernd). | ● (Komin/n vel á veg) | Ábendingarnar í Oxford-skýrslunni eru 120 að tölu og að fylgja þeim til fulls krefst í flestum tilvikum samstarfs margra, innan stjórnsýslu jafnt sem utan. Í árslok var búið að hefja viðbragð við 67 ábendingum. Meðal verkefna voru vitundarvakning í formi netöryggismánaðar með ýmissi fræðslu, úttektir á öryggi kerfa ásamt ráðgjöf í kjölfarið og netöryggiskeppni íslenskra ungmenna. |
| Námskeið fyrir tæknimenn stofnana sem falla undir gildissvið til-skipunar um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, sér-hæfð ráðgjöf á sviði netöryggismála og búnaður til að efla netöryggi. | ● (Lokið) | Fyrirlesari námskeiðs og skipuleggjandi kom frá Háskólanum í Oxford í Bretlandi og námskeiðið byggðist á svipuðu námskeiði þar. Á námskeiðinu voru tvinnaðir saman tæknilegir, skipulagslegir og lögfræðilegir þættir. |

● Ekki hafin/n ● Undirbúningur hafinn ● Hafin/n ● Komin/n vel á veg ● Lokið

**Dæmi um aðrar aðgerðir sem styðja við markmið 4:**

- Aukinni sjálfvirkni skráninga á upplýsingum í þjóðskrá var komið á með tengingu í nýtt sifjakerfi sýslumanna.
- Upplýsingum úr fasteignaskrá miðlað með vefþjónustu og á vef með svokölluðu vefuppfletti. Þessi miðlunarleið er örugg og heppilegri en afhending heildarskrár, eins og gert er með þjóðskrána, en áætlun er í vinnslu fyrir miðlun upplýsinga úr þjóðskrá með sama hætti.

# 08.10 Framlög til sveitarfélaga

Skilgreint meginmarkmið fyrir málaflokkinn er samkvæmt meginstefnu stjórnvalda að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Meginmarkmið varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er einföldun regluverks, þróun útgjaldamælinga í því skyni að bæta jöfnunaráhrif framlaga sjóðsins og fá betri yfirsýn yfir starfsemi hans.

## Árangur markmiða fyrir málaflokk 08.10

Á árinu var unnið að stefnumörkun ríkisins í málefnum sveitarfélaga þar sem fram kemur framtíðarsýn og meginmarkmið málefnasviðsins ásamt markmiðum, áherslum og mælikvörðum málaflokksins. Lögð var fyrir Alþingi tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga til fimmtán ára í senn ásamt aðgerðaáætlun til næstu fimm ára. Þingsályktunin var samþykkt í febrúar 2020. Í ársskýrslu 2020 verður greint frá þeim markmiðum, mælikvörðum og aðgerðum sem stefnan felur í sér og þeim árangri sem ávinnst á fyrsta verkári hennar.





# 08.20 Byggðamál

Í byggðaáætlun eru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokkinn. Áhersla er á að í öllum landshlutum verði öflug sveitarfélög, blómlegar byggðir og sterkir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum óháð efnahag og búsetu. Grunnþjónusta verði veitt íbúum sem mest í nærsamfélagi. Sérstök áhersla er lögð á að hlúa að svæðum sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Markmiðin eru:

1. Jafna aðgengi að þjónustu.
2. Jafna tækifæri til atvinnu.
3. Stuðla að sjálfbærri þróun byggða.



# Árangur markmiða fyrir málaflokk 08.20

## **Markmið 1:** Jafna aðgengi að þjónustu.

| Mælikvarði fyrir markmið 1 | Raun 2018 | Heilsu-gæsla | Grunn-skóli | Dag-vöruv. | Viðmið 2019 | Árangur 2019 Breyting milli ára | Heilsu-gæsla | Grunn-skóli | Dag-vöruv. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hlutfall þeirra sem eru í innan við 30 kílómetra fjarlægð frá heilsugæslustöð, grunnskóla og dagvöruverslun. | Höfuðb.svæði | 99,95% | 99,95% | 99,95% | Hlutfall þeirra sem eru í innan við 30 km. fjarlægð frá heilsugæslustöð lækki ekki miðað við stöðuna 2018. | Höfuðb.svæði | 0,02% | 0,00% | 0,01% |
| | Suðurnes | 100% | 100% | 100% | | Suðurnes | 0,00% | 0,00% | 0,00% |
| | Vesturland | 92,24% | 98,97% | 92,46% | | Vesturland | -0,03% | -0,25% | 0,12% |
| | Vestfirðir | 92,68% | 96,18% | 88,10% | | Vestfirðir | 0,02% | -0,32% | 0,48% |
| | N. vestra | 90,72% | 96,19% | 90,95% | | N. vestra | 0,67% | 0,60% | 0,63% |
| | N. eystra | 98,44% | 99,40% | 97,22% | | N. eystra | 0,03% | -0,13% | 0,64% |
| | Austurland | 97,20% | 98,06% | 91,17% | | Austurland | -2,04% | -0,29% | 6,08% |
| | Suðurland | 93,35% | 98,38% | 96,21% | | Suðurland | 3,59% | -1,05% | 1,35% |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 | | Framkvæmt 2019 |
|---|---|---|
| Ísland ljóstengt, byggðastyrkir. | ● | Gerðir voru samningar við 14 sveitarfélög um sérstaka byggðastyrki í tengslum við verkefnið Ísland ljóstengt. |
| Gerð þjónustukorts sem sýnir aðgengi landsmanna að þjónustu. | ● | Verkefnið nær til 72 þjónustuþátta og er í fjórum áföngum. Á árinu náðist að skrá 95% þjónustuþátta. Gagnasafnið mun verða opið og aðgengilegt öllum á sérstakri niðurhalssíðu kortsins. Þjónustukortið er aðgengilegt á https://thjonustukort.is/ |
| Innleiðing fjarheilbrigðisþjónustu. | ● | Verkefnið er á ábyrgð heilbrigðisráðuneytis og gengur samkvæmt áætlun. Framlag af byggðalið fór fyrst og fremst til tækjakaupa á landsbyggðinni. |
| Stuðningur við verslun í strjálbýli. | ● | Auglýst var eftir umsóknum fyrir árin 2019-2020. Alls bárust sjö umsóknir og hlutu sex verslanir styrki. |

● Ekki hafin/n ● Undirbúningur hafinn ● Hafin/n ● Komin/n vel á veg ● Lokið



## **Markmið 2:** Jafna tækifæri til atvinnu.

| Mælikvarði fyrir markmið 2 | Raun 2018 | | | Viðmið 2019 | Árangur 2019 Breyting milli ára | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Atvinnuþátt. | Meðalvinnu-tekjur í m.kr. | | | Atvinnuþátt. | Meðalvinnu-tekjur í m.kr. |
| Atvinnuþátttaka[6] og meðalatvinnu-tekjur á atvinnugreinasvæðum.[7] | Höfuðb.svæði | 97,9% | 5.398 | Viðmiðið er atvinnuþátttaka minnki ekki og að meðalatvinnu-tekjur lækki ekki. | Höfuðb.svæði | -2,0% | 0,235 |
| | Suðurnes | 97,4% | 4.675 | | Suðurnes | -5,3% | 0,284 |
| | Vesturland | 98,5% | 4.929 | | Vesturland | -1,2% | 0,359 |
| | Vestfirðir | 98,2% | 4.882 | | Vestfirðir | -0,7% | 0,361 |
| | N. vestra | 98,8% | 4.503 | | N. vestra | -0,7% | 0,269 |
| | N. eystra | 97,5% | 4.784 | | N. eystra | -1,4% | 0,305 |
| | Austurland | 97,9% | 5.214 | | Austurland | -0,5% | 0,482 |
| | Suðurland | 98,4% | 4.655 | | Suðurland | -1,2% | 0,249 |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 2 | | Framkvæmt 2019 |
|---|---|---|
| Opinber störf án staðsetningar. | ● (Hafin/n) | Verkefnahópur var skipaður og gögnum safnað frá ráðuneytum og stofnunum. |
| Opinberum upplýsingum komið á stafrænt form í fjarvinnslustöðvum. | ● (Lokið) | Auglýst var eftir umsóknum í samkeppnissjóð og í kjölfarið gerðir samningar við þrjár stofnanir á landsbyggðinni. |
| Lán til nýsköpunar í dreifbýli. | ● (Lokið) | Komið var á fót nýjum flokki útlána hjá Byggðastofnun á árinu 2018 með það að markmiði að hvetja til nýsköpunar. Lítil eftirspurn eftir lánum var á árinu. Einungis eitt lán var veitt árið 2019, til aðila á Austurlandi. |

● Ekki hafin/n ● Undirbúningur hafinn ● Hafin/n ● Komin/n vel á veg ● Lokið

[6] Heimild: Vinnumálastofnun (fjöldi á vinnumarkaði, atvinnuleysi og starfandi).
[7] Heimild: Skatturinn. Upplýsingar fyrir nýliðið ár liggja ekki fyrir fyrr en síðla árs hjá Skattinum og því er litið til talna árið áður.



## **Markmið 3:** Stuðla að sjálfbærri þróun byggða.

| Mælikvarðar fyrir markmið 3 | Raun 2018 | | Viðmið 2019 | Árangur 2019 Breyting milli ára | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | **Framfærsluhlutfall** | | | **Framfærsluhlutfall** |
| Framfærsluhlutfall eftir landshlutum.[8] | Höfuðb.svæði | 64,2% | Viðmiðið er að framfærsluhlutfall hækki ekki. | Höfuðb.svæði | -1,0% |
| | Suðurnes | 59,4% | | Suðurnes | -2,6% |
| | Vesturland | 71,6% | | Vesturland | 0,0% |
| | Vestfirðir | 68,1% | | Vestfirðir | -0,4% |
| | N. vestra | 80,4% | | N. vestra | -0,1% |
| | N. eystra | 72,1% | | N. eystra | 0,2% |
| | Austurland | 73,4% | | Austurland | 0,2% |
| | Suðurland | 59,4% | | Suðurland | -2,6% |
| | Meðaltal landsbyggðar = 3. | | | Breyting á meðaltali landsbyggðar = 0. | |
| | | **Lýðfræðilegir veikleikar** | | | **Lýðfræðilegir veikleikar** |
| Lýðfræðilegir veikleikar.[9] | Höfuðb.svæði | 1 | Viðmiðið er að ekki eigi sér stað hækkun á veikleikastuðli á landsbyggðinni umfram landið allt. | Höfuðb.svæði | 1 |
| | Suðurnes | 2 | | Suðurnes | 1 |
| | Vesturland | 3 | | Vesturland | 1 |
| | Vestfirðir | 4 | | Vestfirðir | -1 |
| | N. vestra | 4 | | N. vestra | 0 |
| | N. eystra | 5 | | N. eystra | -1 |
| | Austurland | 4 | | Austurland | 0 |
| | Suðurland | 4 | | Suðurland | -1 |
| | **Allt landið** | 1 | | **Allt landið** | 1 |

[8] Framfærsluhlutfall: Hlutfallsfjöldi íbúa í aldurshópi 0-14 ára og 65 ára og eldri af fjölda í aldurshópi 15-64 ára.

[9] Lýðfræðilegir veikleikar: Landshluti er metinn í áhættuferli ef vergt fæðingarhlutfall er lægra en 11%, vergt dánarhlutfall er hærra en 10%, hlutfall brottfluttra 0% og hlutfall kvenna er lægra en 95% í aldurshópi 15-64 ára. Auk þess er mið tekið af hlutfallsfjölda allra aldursflokka. Útreikningar frá Nordregio, www.nordregio.se.



| Aðgerðir sem styðja við markmið 3 | | Framkvæmt 2019 |
|---|---|---|
| Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða. | ● (Lokið) | Um er að ræða samkeppnissjóð. Úthlutað var styrkjum til sjö verkefna í sex landshlutum. |
| Áframhaldandi stuðningur og þróun á verkefninu Brothættar byggðir. | ● (Lokið) | Alls voru átta byggðarlög þátttakendur í verkefninu á árinu. Skaftárhreppur og Hrísey útskrifuðust úr verkefninu og Bakkafjörður kom inn. Veitt var sérstök aukafjárveiting vegna Bakkafjarðar. |
| Mótun höfuðborgarstefnu í samstarfi við Reykjavíkurborg og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. | ● (Hafin/n) | Starfshópur um mótun höfuðborgarstefnu tók til starfa í árslok. |
| Mótun höfuðborgarstefnu í samstarfi við Reykjavíkurborg og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. | ● (Lokið) | Virk þátttaka var í ESPON, NPA og NORA.<br><br>a) NPA: Íslendingar voru þátttakendur í sjö af 15 verkefnum sem NPA styrkti á árinu. Allt eru það samstarfsverkefni sem stuðla að nýsköpun í atvinnulífi, eflingu búsetuþátta og mannauðs.<br><br>b) NORA: Samþykktir voru styrkir til 11 verkefna með íslenskum þátttakendum. Veittir eru styrkir til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða með auknu samstarfi aðildarlandanna.<br><br>c) EPSON: Íslenskum rannsóknarstofnunum er veittur aðgangur að samstarfs-vettvangi rannsóknarstofnana Evrópu á sviði byggðamála. |
| Rannsóknir á sviði byggðamála. | ● (Lokið) | Unnið var að rannsókn á orsökum búferlaflutninga. Fyrsta áfanga af fimm lauk í apríl. Helstu niðurstöður eru birtar í skýrslunni Byggðafesta og búferlaflutningar: Bæir og þorp vorið 2019.<br><br>Einnig var unnið áfram með spá um þróun mannfjölda eftir sveitarfélögum til ársins 2067. |

● Ekki hafin/n ● Undirbúningur hafinn ● Hafin/n ● Komin/n vel á veg ● Lokið



**Dæmi um aðrar aðgerðir sem styðja við markmiðin í málaflokknum:**

- Á árinu var næstmesti fjöldi lánaumsókna til stofnunarinnar frá upphafi. Heildarstaða lánasafnsins í árslok var rúmir 15 ma.kr. Þetta er mikil stækkun safnsins frá fyrri árum í kjölfar vaxandi eftirspurnar. Til samanburðar var lánasafn Byggðastofnunar 11,5 ma.kr. í árslok 2017 og 13,3 ma.kr. árið 2018.
- Kynntir voru til sögunnar tveir lánaflokkar á árinu, hagstæð lán fyrir landbúnað og græn lán. Græn lán er lánaflokkur til umhverfisvænna verkefna. Þessi lán eru veitt til verkefna sem með einum eða öðrum hætti stuðla að umhverfisvernd, s.s. vegna nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa, bættrar orkunýtingar, mengunarvarna, bættrar auðlindanotkunar, lífrænnar matvælaframleiðslu o.s.frv. Sértækir lánaflokkar eru því orðnir fjórir og framboð stofnunarinnar í lánveitingum fjölbreytt og sniðið að þörfum landsbyggðanna.
- Veittir voru styrkir til að jafna flutningskostnað framleiðenda sem eru með framleiðslu og lögheimili fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn og búa við skerta samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar en framleiðendur staðsettir nær markaði. Markmið með veitingu styrkjanna er að styðja við framleiðsluiðnað og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni.




# 11.10 Samgöngur

Í samgönguáætlun eru skilgreind fimm lögbundin markmið fyrir málaflokkinn og miða þau að því að samgöngur séu:

1. Öruggar.
2. Greiðar.
3. Hagkvæmar.
4. Umhverfislega sjálfbærar.
5. Stuðli að jákvæðri byggðaþróun.

# Árangur markmiða fyrir málaflokk 11.10

**Markmið 1:** Öruggar samgöngur.

| Mælikvarðar fyrir markmið 1 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Árangur 2019 |
|---|---|---|---|
| Látnum og alvarlega slösuðum fækki að jafnaði um 5% á hverja 100.000 íbúa á ári. | 201 | 181 | 188 |
| Flugslysum og alvarlegum flug-atvikum á 100 þúsund flugstundir fækki um að jafnaði 5% á ári. | 6,51 | 6,18 | 8,63 |
| Skráðum atvikum á sjó fækki að jafnaði um 5% á ári. | 157 | 121 | 106 |



| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 | | Framkvæmt 2019 |
|---|---|---|
| Eftirfylgni umferðaröryggisáætlunar með m.a. áherslu á fræðslu til erlends ferðafólks, öryggi barna í umferðinni og átak gegn farsímanotkun undir stýri. | ● (Lokið) | Áhersla var á birtingu auglýsinga til að sporna við snalltækjanotkun undir stýri sem og ölvunarakstri. Hafist var handa við átak gegn fíkniefnaakstri, svo og beltaátak sem mun m.a. gagnast erlendum ríkisborgurum búsettum á Íslandi. Stýrisspjöldin með öryggisáróðri voru áfram framleidd og dreift og samstarf var við Safetravel um upplýsingagjöf til erlendra ferðamanna. Fræðsla fór fram í framhaldsskólum og leikskólum og samstarf hófst við nokkur sveitarfélög um fræðslu í grunnskólum. Að auki voru framkvæmdar ýmsar kannanir er varða umferðaröryggi. |
| Sjálfvirkt hraðaeftirlit með meðalhraðamyndavélum undirbúið. | ● (Komin/n vel á veg) | Búnaður var settur upp. Verklagsreglur um vinnuferla og meðferð mála þegar brot eru skráð með sjálfvirkum meðalhraðamyndavélum liggja fyrir. Lokaúttekt fyrirhuguð. |

● Ekki hafin/n ● Undirbúningur hafinn ● Hafin/n ● Komin/n vel á veg ● Lokið



## **Markmið 2:** Greiðar samgöngur.

| Mælikvarðar fyrir markmið 2 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Árangur 2019 |
|---|---|---|---|
| Úttektarskor Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO), eftirlit og stjórnsýsla. | 82,7% | 85% | 84,7% |
| Einbreiðar brýr á Hringveginum. | 37 | 32 | 36[10] |
| Óbundið slitlag (km) á stofnvegum í grunnneti utan hálendis.[11] | 447 km | 424 km | 423 km |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 2 | | Framkvæmt 2019 |
|---|---|---|
| Framkvæmdir og viðhald á vegum. | ● (Komin/n vel á veg) | Framkvæmdastig í vegakerfinu var hátt samanborið við undanfarin ár. Markverður áfangi sem náðist á árinu var þegar Hringvegurinn varð loks að fullu klæddur bundnu slitlagi, þegar síðasti áfanginn í Berufirði var kláraður. |
| Vetrarþjónusta aukin á helstu ferðamannaleiðum, vegmerkingar bættar og kantlínur vega málaðar. | ● (Lokið) | Vetrarþjónusta var aukin m.t.t. aukinnar umferðar. Unnið var að vegmerkingum og kantlínum. Þá var gert átak í merkingum einbreiða brúa. |
| Unnið að uppbyggingu Dettifossvegar. | ● (Lokið) | Lokið var við síðasta áfanga vegarins. |

● Ekki hafin/n ● Undirbúningur hafinn ● Hafin/n ● Komin/n vel á veg ● Lokið

[10] Alls eru fjórar brýr í byggingu eða í samningaferli sem voru boðnar út árið 2019 og munu leysa af hólmi einbreiðar brýr á Hringvegi. Þessar brýr eru yfir Brunná, Kvíá, Fellsá og Steinavötn.

[11] Í grunnneti vegakerfisins eru stofnvegir eins og þeir eru skilgreindir í 8. gr. vegalaga, nr. 80/2007.

## **Markmið 3:** Hagkvæmar samgöngur.

| Mælikvarðar fyrir markmið 3 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Árangur 2019 |
|---|---|---|---|
| Samgöngukostnaður heimila (hlutfallslegur). | 14,8% | 14% | 13,6% |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 3 | Framkvæmt 2019 |
|---|---|
| Efling á rafrænni þjónustu, m.a. innleiðing rafrænna samþykkta og undirskrifta. Nýtt upplýsingakerfi um skip og réttindi sjófarenda. Rafræn landskrá flutningsaðila. | ● (Komin/n vel á veg) Á miðju árinu 2019 var farið að nota rafrænar undirskriftir fyrir innsendar kvartanir frá flugfarþegum. Rafrænum eyðublöðum var fjölgað um 20%, úr 76 í 91.<br><br>Nýtt upplýsingakerfi, Skútan, var hannað og unnið er í viðtökuprófunum og lagfæringum. Stefnt er að því að hefja uppsetningu á kerfinu síðla árs 2020.<br><br>Hönnun rafrænnar landskrár flutningsaðila er komin í bið þar sem um er að ræða samevrópskt verkefni sem þarf að endurskilgreina. |
| Mótun heildarstefnu í almenningssamgöngum sem verður hluti af samgönguáætlun. | ● (Lokið) Ferðumst saman, heildarstefna í almenningssamgöngum milli byggða, er hluti af tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2020-2034 sem lögð var fram á Alþingi haustið 2019. |

● Ekki hafin/n ● Undirbúningur hafinn ● Hafin/n ● Komin/n vel á veg ● Lokið





## **Markmið 4:** Umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

| Mælikvarðar fyrir markmið 4 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Árangur 2019 |
|---|---|---|---|
| Hlutfall vistvænna bíla. | 6,1%[12] | 7% | 8,4% |
| Hlutfall almenningssamgangna í fjölda ferða innan höfuðborgarsvæðisins. | 4% | 5% | 5% |
| Fjöldi farþega í ferjusiglingum. | 437.000 | 460.000 | 429.626 |
| Fjöldi farþega í innanlandsflugi. | 368.600 | 430.500 | 348.771 |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 4 | | Framkvæmt 2019 |
|---|---|---|
| Samræming á hönnun hjólastíga í öllum sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu og endurbætur á stígakerfinu. | ● (Lokið) | Unnið var að gerð hönnunarleiðbeininga fyrir hjólreiðar í samstarfi við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Leiðbeiningarnar voru gefnar út í desember 2019. |
| Auka möguleika gangandi og hjólandi vegfarenda í þéttbýli. | ● (Lokið) | Í samstarfi við sveitarfélög var unnið að göngu- og hjólastígagerð í Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík, Mosfellsbæ, Árborg, Skútustaðahreppi og Ölfusi. |

● Ekki hafin/n ● Undirbúningur hafinn ● Hafin/n ● Komin/n vel á veg ● Lokið

[12] Hlutfallið miðast við bíla í umferð.



## **Markmið 5:** Samgöngur stuðli að jákvæðri byggðaþróun.

| Mælikvarðar fyrir markmið 5 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Árangur 2019 |
|---|---|---|---|
| Óbundið slitlag (km) í byggðakjörnum þar sem íbúar eru >100 í samþættu kerfi. | 28 km | 28 km | 21 km |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 5 | | Framkvæmt 2019 |
|---|---|---|
| Unnið að framkvæmdum við Dýrafjarðargöng. | ● (Lokið) | Framkvæmdir gengu vel. Slegið var í gegn í göngunum um sumarið. |
| Unnið að uppsetningu á dýpkunarbúnaði í Landeyjarhöfn. | ● (Ekki hafin/n) | Verkefninu var frestað um tvö ár. |
| Nýr aðflugsbúnaður settur upp á Akureyrarflugvelli. | ● (Lokið) | Aðflugsbúnaður var settur upp á Akureyrarflugvelli. |
| Aukin áhersla á viðhald innanlandsflugvalla. | ● (Lokið) | Lokið var við viðhaldsframkvæmdir á yfirborði flugbrauta á Akureyrarflugvelli, Bíldudal og Reykhólum. Þá var settur upp leiðsögubúnaður á Egilsstöðum. |

● Ekki hafin/n ● Undirbúningur hafinn ● Hafin/n ● Komin/n vel á veg ● Lokið



**Dæmi um aðrar aðgerðir sem styðja við markmiðin í málaflokknum:**

- Unnið var að rannsóknum á umhverfisvænum og endurnýjanlegum orkugjöfum sem valkosti fyrir orkuskipti í skipum og rannsóknum á orkugreiningu fiskiskipa með tilliti til veiðiaðferða þeirra. Markmiðið er að með nýjum orkugjöfum megi stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda frá skipum og draga úr mengun frá þeim. Ágætt dæmi er rannsóknarverkefnið „Áhrif og útfærsla vetnisvæðingar á Vestfjörðum“ í samstarfi við verkfræðistofuna EFLU, Orkubú Vestfjarða og Vestfjarðastofu. Verkefnið er til þriggja ára og snýr að undirbúningi vetnisvæðingar með áherslu á minni skip á norðanverðum Vestfjörðum.
- Unnið hefur verið að ýmiss konar kynningarefni og fræðslu fyrir flug og flugtengda starfsemi. Má þar nefna veggspjöld sem hvert og eitt inniheldur einn af þeim 12 áhættuþáttum sem valda flestum slysum í flugi.
- Lokið var við gerð atvikaskráningarkerfis fyrir sjómenn þar sem þeir geta tilkynnt slys og óhöpp til sjós á netinu. Í lok árs 2019 var kerfið í innleiðingarferli hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa og verður því tilbúið til notkunar árið 2020. Standa vonir til þess að með einfaldari skráningarhætti muni tilkynningum fjölga og þar með verði meiri líkur á að við getum lært af því sem úrskeiðis fer.
- Haldnar voru málstofur um konur og siglingar og börn og samgöngur, en stefnt er að því að málefni kynjajafnréttis sem og barna fái aukna umfjöllun í stefnumótun í samgöngumálum í framtíðinni.
- Lokið var við gerð flugstefnu sem verður hluti af samgönguáætlun.
- Ný umferðalög voru samþykkt á Alþingi. Meðal nýmæla í lögunum eru hert ákvæði um ölvunarakstur, bann við akstri á rauðu ljósi og að hefðarreglur um akstur í hringtorgum voru lögfestar. Ýmis ný ákvæði eru um hjólreiðar og hjálmaskylda barna var fest í lög.

# 11.20 Fjarskipti, netöryggi og póstmál

Í fjarskiptaáætlun eru skilgreind markmið fyrir málaflokkinn. Eftirfarandi markmið málaflokksins eru lögbundin, en megináherslan snýr að aðgengilegum og greiðum fjarskiptum, þ.e. útbreiðsluhlutfalli og gagnaflutningshraða.

1. Aðgengileg og greið fjarskipti og póstþjónusta.
2. Örugg fjarskipti og póstþjónusta.
3. Hagkvæm og skilvirk fjarskipti og póstþjónusta.
4. Umhverfisvæn fjarskipti og póstþjónusta stuðli að jákvæðri byggðaþróun.





## Árangur markmiða[13] fyrir málaflokk 11.20

### **Markmið 1:** Aðgengileg og greið fjarskipti og póstþjónusta.

| Mælikvarðar fyrir markmið 1 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Árangur 2019 |
|---|---|---|---|
| Aðgengi lögheimila og fyrirtækja að 100 Mb/s. | 78% | 90% | 81% |
| Aðgengi lögheimila og fyrirtækja að 1 Gb/s. | 73% | 75% | 77% |
| Aðgengi lögheimila og fyrirtækja að ljósleiðaratengingu. | 76% | 78% | 80% |
| Aðgengi lögheimila að farsíma og/ eða farneti. | 99,9% | 99,9% | 99,9% |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 | | Framkvæmt 2019 |
|---|---|---|
| Innleiðing og framkvæmd fjarskiptaáætlunar. | ● | Stefna um fjarskipti 2019-2033 og aðgerðaáætlun 2019-2023 var samþykkt í júní 2019. Meðal verkefna sem unnið var að á árinu er nýtt frumvarp um heildarlöggjöf fjarskipta og frumvarp um landslénið .is. Þá var unnið að framtíðaskipan tíðnimála fyrir farnets- og gervitunglaþjónustu á Íslandi og norðurslóðum og nýtt heildarregluverk um póstþjónustu var innleitt. Einnig var unnið að endurskoðun á aðferðafræði við fasteignamat. |
| Ísland ljóstengt – landsátak í uppbyggingu fjarskiptainnviða utan markaðssvæða. Ríkið styrkir ljósleiðaravæðingu sveitarfélaga með fjárveitingum í gegnum fjarskiptasjóð. Fjórða aðgerðaárið af sex. | ● | Í upphafi árs 2019 var samið við 23 sveitarfélög um styrkveitingar úr fjarskiptasjóði sem náðu til áranna 2019-2021, styrkloforð fyrir árið 2019 voru alls 450 m.kr. Lagður var ljósleiðari í m.a. Mjóafjörð og stórum áföngum lauk í nokkrum sveitarfélögum, t.d. í Borgarfjarðarhreppi, Norðurþingi, Sveitarfélaginu Skagafirði og Dalabyggð. Fjarskiptasjóður styrkti einnig ljósleiðaralögn á Kili, að Hveravöllum. |

● Ekki hafin/n ● Undirbúningur hafinn ● Hafin/n ● Komin/n vel á veg ● Lokið

[13] Unnið er að stöðlun mæliaðferða í samræmi við ný fjarskiptalög 2020 og leiðbeiningar frá samtökum fjarskiptaeftirlitsstofnana í Evrópu.



| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 | | Framkvæmt 2019 |
|---|---|---|
| a) Fyrstu skref í undirbúningi innleiðingar 5G-tækninnar í íslenskt samfélag sem lið í að mæta áskorunum 4. iðnbyltingarinnar.<br><br>b) Þátttaka í nýju norrænu samstarfsverkefni um að Norðurlönd og Eystrasaltsríkin verði í fararbroddi í innleiðingu 5G. | ● Lokið | a) Í gegnum Ísland ljóstengt átakið hefur sterkur grunnur verið lagður að innleiðingu 5G enda er mikil ljósleiðaravæðing forsenda 5G-uppbyggingar. Margar þjónustutegundir 5G eru þegar til reiðu í 4G eins og tengingar fyrir hlutanetið (e. internet of things) og þurfa landsmenn því ekki að bíða tilkomu 5G til að nýta sér mörg tækifæri sem bjóðast með háþróuðum farnetum.<br><br>b) Á árinu var undirbúin þátttaka í nýju norrænu samstarfsverkefni um að Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin verði í fararbroddi við innleiðingu 5G. |

● Ekki hafin/n ● Undirbúningur hafinn ● Hafin/n ● Komin/n vel á veg ● Lokið

## **Markmið 2:** Örugg fjarskipti og póstþjónusta.

| Mælikvarðar fyrir markmið 4 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Árangur 2019 |
|---|---|---|---|
| Samfélagsleg staða skv. Oxford-líkani.[14] | Greining á tillögum í skýrslu út frá verkaskiptingu innan netöryggisráðs. | Enginn þáttur á frumstigi; a.m.k. hefur verið brugðist við þriðjungi ábendinga. | Búið var að bregðast við rúmlega helmingi ábendinga (67 af 120) með einhverjum hætti. Enginn þáttur á frumstigi. |
| Tæknileg staða skv. alþjóðlegu mati greiningarfyrirtækis. | Hlutfallsleg tæknileg netöryggisvísitala Íslands var 96,8% af vísitölu norræns viðmiðunarríkis. | Öryggisvísitala hefur náð að hækka um fimmtung að lokamarki. | Hlutfallsleg tæknileg netöryggisvísitala Íslands var 98,4% af vísitölu norræns viðmiðunarríkis. |
| Talsamband/háhraðanet á vegum utan þéttbýlis. | 89%/80% | 95,8%/85% | 91%/82% |
| Talsamband/háhraðanet á vegum sem liggja 200 m yfir sjávarmáli. | 87%/68% | 90,1%/66,5% | 96%/85% |

[14] Matsskýrsla Oxford-háskóla um stöðu Íslands í netöryggismálum er á vef samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.



| Aðgerðir sem styðja við markmið 2 | Framkvæmt 2019 |
|---|---|
| Aðgerðir sem stuðla að innleiðingu markmiða á sviði netöryggis.[15] | Eftirfarandi var m.a. framkvæmt:<br>• Ráðuneytið gekkst á árinu fyrir úttektum á öryggi kerfa og leiddu þær undantekningarlaust í ljós atriði er þörfnuðust lagfæringa. Niðurstöðum var beint til viðkomandi aðila með ábendingu um nauðsyn viðbragða.<br>• Netöryggismánuður var haldinn í október og mun Ísland halda slíka mánuði árlega framvegis í samvinnu við önnur Evrópulönd.<br>• Netöryggiskeppni íslenskra ungmenna var haldin og var það fyrsta skref í hugsanlegri þátttöku í Evrópukeppninni haustið 2020.<br>• Námskeið í netöryggisfræðum var haldið vegna mikillar eftirspurnar, svipað námskeið var haldið haustið 2018. Fyrirlesari og skipuleggjandi námskeiðsins kom frá Háskólanum í Oxford og byggðist það á svipuðu námskeiði þar. |
| Innleiðing laga um net- og upplýsingaöryggi en í þeim felst m.a. efling netöryggissveitarinnar. | Lög nr. 78/2019 um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða voru samþykkt af Alþingi í júní 2019 og taka gildi 1. september 2020. Lögin marka tímamót sem fyrstu heildstæðu lög um netöryggi hérlendis. Í kjölfar setningar laganna var farið í undirbúning fyrir gildistöku þeirra. Samvinna var hafin við eftirlitsstjórnvöld tilgreind í lögunum um samhæfingu á skilgreiningu á því hvaða rekstraraðilar teljist til rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu á sínu sviði. |
| Öryggi eflt á vegakerfi og fjölförnum ferðamannastöðum með aukinni útbreiðslu og afköstum farnets. | Unnið var að því að bæta útbreiðslu á háhraða farnetsþjónustu á þjóðveginum og stöðum þar sem merkja mátti tíðar ferðir fólks. Þeir staðir sem voru byggðir upp m.t.t. öryggis voru Kerlingafjöll og Selvogur. |

**Ekki hafin/n** **Undirbúningur hafinn** **Hafin/n** **Komin/n vel á veg** **Lokið**

[15] Ýmis verkefni á sviði netöryggismála sem einnig eru á málefnasviði 6.



## **Markmið 3:** Hagkvæm og skilvirk fjarskipti og póstþjónusta.

| Mælikvarðar sem styðja við markmið 3 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Árangur 2019 |
|---|---|---|---|
| Verð á fjarskiptaþjónustu í samanburði við önnur OECD-ríki. Fjöldi þjónustuþátta í flokki 25% landa með hagkvæmustu verð. | 80% | 80% | Erfitt að nálgast gögn og því var ákveðið að breyta mælikvarða og er verið að afla gagna. |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 3 | | Framkvæmt 2019 |
|---|---|---|
| Undirbúningur opnunar póstmarkaðar með afnámi einkaréttar og tryggingu á alþjónustu í ársbyrjun 2020. | ● (Lokið) | Ný lög um póstþjónustu tóku gildi 1. janúar 2020. Með gildistöku laganna hefur einkaréttur á póstþjónustu verið afnuminn og alþjónusta tryggð í pósti um land allt. |

● Ekki hafin/n ● Undirbúningur hafinn ● Hafin/n ● Komin/n vel á veg ● Lokið

## **Markmið 4:** Umhverfisvæn fjarskipti og póstþjónusta stuðli að jákvæðri byggðaþróun.

| Mælikvarðar sem styðja við markmið 4 | Raun 2018 | Viðmið 2019 | Árangur 2019 |
|---|---|---|---|
| Aðgengi lögheimila og fyrirtækja að ljósleiðaratengingu. | 76% | 78% | 77% |
| Aðgengi lögheimila að farsíma- og/eða farneti. | 99,9% | 99,9% | 99,9% |

**Dæmi um aðrar aðgerðir sem styðja við markmiðin í málaflokknum:**

- Unnið var að undirbúningi úttektar á raunöryggi fjarskiptakerfa landsins. Í því sambandi var m.a. lokið við gerð úttektarstefnu, verkefnið skilgreint og afmarkað og samningar gerðir við verktaka um tiltekna þætti verkefnisins. Ráðgert er að úttektinni ljúki upp úr miðju ári 2020.



# Yfirlit um ráðstöfun varasjóða, millifærslur og skuldbindandi styrk- og samstarfssamninga

**Tafla 3.** Yfirlit um ráðstöfun varasjóða.

**Ráðstöfun varasjóða á árinu 2019**

| **11.1 Samgöngur** | **Upphæð í m.kr** |
|---|---|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 0 |
| Fjárveiting á fjárlögum 2019 | 92.000.000 |
| Ráðstafað 2019 | -92.000.000 |
| **Staða varasjóðs í lok árs** | **0** |
| **11.3 Stjórnsýsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis** | |
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 13.500.000 |
| Fjárveiting á fjárlögum 2019 | 7.100.000 |
| Ráðstafað 2019 | 0 |
| **Staða varasjóðs í lok árs** | **20.600.000** |

Varasjóðir ráðuneytisins eru tveir. Annars vegar er um að ræða varasjóð málaflokks 11.1 Samgöngur og hins vegar 11.3 Stjórnsýsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Fjárveiting á fyrrnefnda liðnum nam 92 m.kr. í fjárlögum fyrir árið 2019. Öllu framlaginu var ráðstafað á árinu, annars vegar til 10-211 Vegagerðarinnar vegna kostnaðarauka í tengslum við almenningssamgöngur og hins vegar til 10-231 Rannsóknarnefndar samgönguslysa vegna endurnýjunar á útkallsbifreið. Á síðarnefnda liðnum var engu ráðstafað á árinu.



**Tafla 4.** Yfirlit yfir millifærslur.

| Málaflokkur | Fjárhæð m.kr. | Millifært af | Millifært til | Skýring |
|---|---|---|---|---|
| 11.1 Samgöngur | 400 | 10-211 Vegagerðin | 10-211 Vegagerðin | Framlag af almennum rekstri til að mæta rekstrarhalla á viðföngum almenningssamgangna og þjónustu, 200 m.kr. á hvoru viðfangi fyrir sig. |
| 11.3 Stjórnsýsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins | 3,7 | 10-199 Ráðstöfunarfé | 10-190 Ýmis verkefni | Kostnaður vegna ráðstöfunarfjár ráðherra er bókfærður á 10-190 Ýmis verkefni samkvæmt hefð. |

Vegagerðinni var veitt heimild til að millifæra 400 m.kr. af viðfangi almenns reksturs til að mæta halla á styrkjum til almenningssamgangna og á þjónustulið. Umtalsverður kostnaðarauki hefur átt sér stað á þessum liðum undanfarin misseri m.a. vegna ferjureksturs og aukins álags á vegakerfið. Til viðbótar framangreindu voru millifærðar 3,7 m.kr. af fjárlagalið 10-199 Ráðstöfunarfé og yfir á 10-190 Ýmis verkefni. Samkvæmt hefð eru styrkir sem ráðherra veitir bókaðir á þann lið.

**Tafla 5.** Yfirlit yfir skuldbindandi styrk- og samstarfssamninga.

| Heiti samnings/lýsing á samningi | Ábyrgð | Ábyrgð | Ábyrgð |
|---|---|---|---|
| Byggðaáætlun, styrktarsamningar v/ aðgerð C.1 | SRN | 100 | 2022 |
| Byggðaáætlun, styrktarsamningar v/ aðgerð B.8 | SRN | 28 | 2021 |
| Byggðaáætlun, styrktarsamningar v/ aðgerð A.9 | SRN | 11 | 2022 |
| Byggðaáætlun, styrktarsamningar v/ aðgerð A.1 | SRN | 85 | 2021 |
| Norðurslóðaáætlun ESB (NPA) | SRN | 59 | 2020 |
| **Samtals** | | **282** | |



# Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

Á mynd 2 er yfirlit yfir árslokastöðu fjárveitinga hjá einstökum ríkisaðilum og verkefnaliðum. Um er að ræða rekstrarniðurstöðu ársins að teknu tilliti til yfirfluttra fjárveitinga frá árinu 2018. Samkvæmt myndinni voru flestir fjárlagaliðir sem heyra undir ráðuneytið með jákvæðan höfuðstól um síðustu áramót, þ.e. ónotaðar fjárveitingar. Vegagerðin er þó undantekning, en tæplega 1,1 ma.kr. uppsafnaður rekstrarhalli var hjá stofnuninni um síðustu áramót. Að stærstum hluta er um að ræða halla vegna fyrri ára á þjónustulið og í styrkjum til almenningssamgangna eins og áður hefur komið fram.

**Mynd 2.** Frávik ríkisaðila og verkefna og árslokastaða 2019.




*Fjárhæðir í milljónum króna*

**Stjórnarráð Íslands**
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið